



Hagaskóli – heildarmat á skólastarfi

Apríl 2011
Menntasvið Reykjavíkur

Ritstjóri: Birna Sigurjónsdóttir

Ritun skýrslu og fylgiskjala:

Ásgeir Björgvinsson

Birna Sigurjónsdóttir

Guðrún Edda Bentsdóttir

Hildur Sigurðardóttir

Una Björg Bjarnadóttir

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	4
Inngangur	5
Mat á skólastarfi	6
Skólastarf.....	8
Námsárangur	8
Stjórnun	8
Skipulag skóladags	9
Samstarf við grenndarsamfélagið	10
Stefna og starfsáætlun	11
Nemendur og líðan	12
Stjórn nemendafélags	14
Félagslíf.....	15
Reglur og agi	16
Viðvera nemenda.....	17
Viðhorf foreldra og þátttaka í skólastarfi	17
Upplýsingamiðlun og samskipti.....	20
Verklag	22
Fjölbreyttar leiðir í námi	22
Einstaklingsmiðað nám og markviss samvinna	23
Mat á gæðum kennslustunda - vettvangsathuganir	23
Námsmat.....	25
Skóli án aðgreiningar - sérkennsla	26
Skólaþróun og mat	29
Sérstaða skólans	30
Virk upplýsingamiðlun.....	31
Skólanámskrá og námsáætlanir	31
Heimasíða.....	31
Öruggt, heilnæmt og vistvænt skólaumhverfi	32
Mannauður	34
Starfsánægja og líðan á vinnustað	34
Samstarf.....	35
Aðbúnaður	36
Símenntun og starfsþróun.....	37
Viðhorf starfsmanna til stjórnunar	37
Viðvera starfsmanna.....	38
Fjármál	39
Úthlutun fjármagns og rekstraráætlun	39
Fjárhagsleg staða skólans	39
Greining.....	40
Samantekt ábendinga.....	40
Heimildir	49
Fylgiskjöl.....	49

Inngangur

Í skýrslu þessari verður greint frá niðurstöðum heildarmats í Hagaskóla sem fram fór í febrúar 2011. Matið var framkvæmt af starfsfólki í stýrihópi um heildarmat Menntasviðs. Hagaskóli var einn af sjö skólum þar sem Menntasvið ákvað að fram færi heildarmat á skólastarfi skólaárið 2010-2011. Gagna var aflað með viðtölum, vettvangsathugunum og rýnihópum ásamt því að farið var yfir gögn um skólastarfið.

Leiðarljós við matið var: *Að börnum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.*

Matið er liður í að styðja við skólastarf og kemur til viðbótar sjálfsmati skólanna. Stefna Reykjavíkurborgar í menntamálum er höfð til viðmiðunar í matinu auk annarra ramma um skólastarf; laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnumótunar borgarinnar í starfsmannamálum og mannréttindamálum.

Skólustjóri Hagaskóla er S. Ingibjörg Jósefsdóttir og aðstoðarskólustjóri Ómar Örn Magnússon. Í Hagaskóla eru 471 nemandi í 8.-10. bekk skólaárið 2010-2011. Rúm 94% af fjölda nemenda sem á lögheimili í skólahverfinu hafa sótt skóla í Hagaskóla. Samkvæmt nemendasþá er gert ráð fyrir að nemendum fækki á næsta ári um 40 nemendur en fjölgi síðan smám saman aftur á næstu árum og þar verði um 480 nemendur árið 2014¹. Flestir hafa nemendur verið 871 árið 1971 en fæstir 334 árið 1958.

Í skólanum starfa 61 starfsmaður skólaárið 2010-2011 í 56,5 stöðugildum, þar af stjórnendur í 3 stöðugildum og kennarar í 34,5 stöðugildum. Samkvæmt þessu eru um 8,3 nemendur á hvert stöðugildi sem er aðeins fleiri en í borginni í heild að meðaltali (7,1). Ef aðeins er miðað við kennara í Hagaskóla eru 13,6 nemandi á hvert stöðugildi sem er aðeins fleiri en í borginni að meðaltali (11,3).

Hagaskóli hefur þá sérstöðu að vera stór safnskóli fyrir nemendur á unglingastigi og tekur við nemendum úr öðrum grunnskólum í Vesturbæ; Mela-, Granda og Vesturbæjarskóla. Skólinn tók til starfa haustið 1958 í hluta núverandi skólabyggingar. Byggt var við skólann í áföngum á árunum 1960-1990. Hagaskóli varð einsettur árið 1977 (Einsetning grunnskóla Reykjavíkur 1994-2002).

Heildarstærð skólans er um 4.970 m² án íþróttasalar.

¹ Samkvæmt nemendasþá sem gerð er haustið 2010.

Mat á skólastarfi

Ákvæði um mat og eftirlit með gæðum skólastarfs er í 35. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008, þar segir: Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskóla eru að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda
- Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla
- Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum
- Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum

Ákvæði um innra mat er í 36. gr. laganna, en þar segir: „Hver skóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.“

Nýtt ákvæði um ytra mat sveitarfélaga er í 37. gr., þar segir: „Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs, sbr. 5. og 6. gr., og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólafestu sinnar og áætlanir um umbætur. Sveitarfélög skulu leitast við að fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi.“

Um ytra mat menntamálaráðuneytis er fjallað í 38. gr., þar segir m.a.: „Menntamálaráðuneyti annast greiningu og miðlun upplýsinga um skólahald í grunnskólum á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum skv. 37. gr. og með sjálfstæðri gagnaöflun. Menntamálaráðuneyti gerir áætlun til þriggja ára um kannanir og úttektir sem miða að því að veita upplýsingar um framkvæmd laga þessara og aðalnámskrár grunnskóla og aðra þætti skólastarfs. ...“

Menntaráð ákvað vorið 2007 að láta fara fram heildarmat í 6-7 skólum á ári. Skipaður var stýrihópur heildarmats á Menntasviði til að sjá um framkvæmd matsins undir stjórn Birnu Sigurjónsdóttur, verkefnisstjóra. Alls hefur heildarmat farið fram í 23 grunnskólum í Reykjavík á árunum 2007-2010. Áætlað er að heildarmat fari fram í 7 grunnskólum á skólaárinu 2010-2011.

Markmið heildarmats

- Aðstoða skóla í ljósi eigin sjálfsmats til að efla skólastarfið og styrkja innviði skólans
- Styrkja skólabrag og búa til samhljóm í skólanum
- Gera góðan skóla betri með markvissri hvatningu í starfi
- Veita skólayfirvöldum upplýsingar um gæði skólastarfs og hvernig skólar framfylgja stefnu borgarinnar í menntamálum

Tímarammi

Gert er ráð fyrir að allt matsferlið taki sex til sjö vikur og viðtöl og vettvangsathuganir fari fram á 1-2 vikum innan þess tíma.

- | | |
|---|----------|
| • Ákvörðun tekin um athugun í skóla | vika 1 |
| • Haft samband við skólann og látið vita af fyrirhugaðri heimsókn | vika 1 |
| • Upplýsingum safnað saman/prófill skólans/heimasíða skoðuð | vika 1 |
| • Viðtöl við skólastjórnendur, kynning fyrir starfsfólki | vika 2 |
| • Vettvangsathuganir, rýnihópar | vika 3 |
| • Úrvinnsla og skýrslugerð | vika 4-5 |
| • Skóla gefst færi á að lesa yfir skýrslu | vika 5 |

- Skýrsluskil – formleg vika 6
- Upplýsingar til menntaráðs í lok annar

Aðferðir við gagnaöflun:

- Viðtöl við stjórnendur og fulltrúa kennara, fundur með fulltrúum foreldra, fundur með stjórn nemendafélags
- Rýnihópar – stjórnendur, kennarar (tveir til þrír hópar), annað starfsfólk, foreldrar, nemendur (tveir til þrír hópar)
- Vettvangsathuganir með gátlista
 - Athugun á skólabrag og kennslu í kennslustundum og hléum
 - Athugun í skóla
 - Athugun í skólastofu
- Farið yfir gögn:
 - Skólanámskrá og starfsáætlun skólaársins þ.m.t.:
 - Skipurit og starfslýsingar
 - Mannréttindaáætlun
 - Áætlun um foreldrasamstarf
 - Áætlun um starf nemendafélags
 - Yfirlit yfir forföll nemenda og kennara fyrir síðustu heila önn
 - Sjálfsmatsskýrslu og umbótaáætlun
 - Heimasíðu skólans
 - Stundaskrár bekkja/árganga 2010-2011(eins og þær eru afhentar nemendum)
 - Yfirlit yfir valgreinar (kenndar á skólaárinu)
 - Kennsluáætlanir 2010-2011 – sýnishorn af yngra, mið- og elsta stigi
 - Sýnishorn af námsmatsblöðum fyrir öll stig
 - Símenntunaráætlun skólans
 - Upplýsingar um öryggisþætti og áhættumat
 - Yfirlit yfir stöðu skólans í könnunum, skimunum og samræmdum prófum
 - Önnur þau gögn sem skólinn vill leggja fram og varpa ljósi á gæði skólastarfsins

Skýrsla – endurgjöf – eftirfylgd

- Gerð verður ítarleg skýrsla um hvern skóla sem skapar umræður innan skólans, er jákvæð og bendir á styrkleika skólans og veikleika.
- Skýrslan afhent skólastjórnendum á fundi með fræðslustjóra. Þeir fá tækifæri til að koma með athugasemdir sem tekið er tillit til við lokagerð.
- Fundað með skólastjórnendum og niðurstöður kynntar á fundi starfsmanna, fulltrúum foreldra og fulltrúum frá þjónustumiðstöð er boðið að sækja þann fund.
- Skólinn gerir umbótaáætlun sem byggir á niðurstöðum matsins og skilar til fræðslustjóra.

Frekari eftirfylgni:

- Komið á samstarfi skóla/netverki um ákveðna þætti sem þarf að vinna með.
- Skólinn getur fengið ráðgjöf frá Menntasviði eða þjónustumiðstöðvum.

Skýrslan er vinnuskjal skólans, en skólar eru hvattir til að birta hana á heimasíðu.

Skólastarf

Námsárangur

Samræmd könnunarpróf – framfarastuðull²

Meðaltalsárangur í samræmdum könnunarprófum í 10. bekk er yfir meðaltali í Reykjavík og yfir landsmeðaltali í íslensku, stærðfræði og ensku haustið 2010. Árangurinn er með í öllum greinum með því hæsta sem gerist í grunnskólum landsins. Framfarastuðull er ekki reiknaður.

	10. bekkur í Hagaskóla		Reykjavík	Framfarastuðull
	M 2010	M 2005-10	M 2010	10.b.2010
Íslenska	34,1	35,3	30,6	Ekki reiknaður
Stærðfræði	34,4	34	30,9	Ekki reiknaður
Enska	34,0	35,3	31,3	

(Skýrsla um samræmd könnunarpróf. 2010).

Ábendingar

- Meðaltalsárangur nemenda í 10. bekk á samræmdum könnunarprófum haustið 2010 er yfir landsmeðaltali og meðaltali borgarinnar í íslensku, stærðfræði og ensku og er með því hæsta sem gerist í grunnskólum landsins.

Árangur í Pisa 2009

PISA er umfangsmikil alþjóðleg rannsókn á hæfni og getu 15 ára nemenda í lestri, náttúrufræði, stærðfræði og þrautalausn. Í PISA 2009 var lögð áhersla á mælingu á lesskilningi nemenda, en einnig var hluti prófsins endurtekning á mælingum í stærðfræði og náttúrufræði (upplýsingar fengnar af heimasíðu Námsmatsstofnunar www.namsmat.is).

Skóðuð hefur verið staða grunnskóla í Reykjavík út frá árangri í PISA 2009. Hagaskóli er sjötti í röðinni af 25 grunnskólum borgarinnar í árangri í lesskilningi og í stærðfræði og annar í náttúrufræði. Þátttaka nemenda í rannsókninni var í lægri kantinum, 67% 15 ára nemenda í skólanum tóku þátt.

Ábendingar

- Í PISA 2009 var Hagaskóli er sjötti í röðinni af 25 grunnskólum borgarinnar í árangri í lesskilningi og í stærðfræði og annar í náttúrufræði.
- Þátttaka nemenda í rannsókninni var í lægri kantinum, 67% 15 ára nemenda í skólanum tóku þátt.

Stjórnun

Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri ásamt deildarstjóra nemendajónustu og tveimur verkefnastjórum í hálfu starfi mynda stjórnunarteymi skólans. Skólastjórar funda reglulega annars vegar með verkefnastjórum og hins vegar með deildarstjóra nemendajónustu og

² Framfarastuðull gefur vísbendingu um hvort frammistaða nemenda í skólanum hafi breyst frá því árgangurinn þreytti samræmd próf fyrr á námsferlinum. Talan 1.00 merkir venjulegar framfarir nemenda. Tölur 0.94 eða lægri og 1.06 eða hærri benda til mikilla breytinga á stöðu nemenda.

námsráðgjafa. Einu sinni í viku hitta stjórnendur einnig umsjónarmann fasteigna sem er næsti yfirmaður skólaliða og matráð sem er yfirmaður starfsmanna mötuneytis á samráðsfundum.

Deildarstjóri er yfir nemendajónustu en undir hana heyrir námsver, námsráðgjöf, þroskaþjálf, iðjuþjálf, listmeðferðarfræðingur og heilsugæsla ásamt samskiptum við foreldra vegna einstaklingsmála sem upp koma.

Verkefni verkefnastjóra skiptast þannig að annar vinnur með kennurum að þróunarverkefnum m.a. í námsmati og notkun á Mentor, en hinn sér um Olweusarverkefni gegn einelti ásamt námsráðgjafa og einnig verkefni sem tengjast samskiptum nemenda og nemendalýðræði, þar á meðal þróunarverkefnið *Vinátta, virðing, jafnrétti*.

Fagstjórar eru í kjarnagreinunum sex, þeir funda reglulega með sínum faghópi. Fagstjórar teljast ekki millistjórnendur en stýra sínum faghópi. Unnið hefur verið að því að skilgreina verksvið fagstjóra. Verkefnastjóri fundar með fagstjórum.

Skipurit skólans liggur fyrir og einnig starfslýsingar stjórnenda og annarra starfsmanna.

Skólastjóri leggur áherslu á að skólinn sé skóli fyrir alla og síðan hún kom til starfa hefur hún lagt áherslu á breytingar, m.a. aukna sérkennslu og blandaða bekki í stað ferðakerfis. Hún telur mikilvægt að nýta kosti stærðarinnar í þágu einstaklingsins „stærðin er þannig að þú getur fengið að vera einstaklingur og jafnvel öðruvísi og fundið þér jafningja og félagi í hópnum“. Skólastjóri leggur einnig áherslu á að virðing sé grunngildi í öllum samskiptum í skólasamfélaginu, það er gildi sem skiptir hana miklu máli og endurspeglast í verkefninu *Vinátta, virðing, jafnrétti*.

Í spurningu um stjórnun skólans í foreldrakönnun veturinn 2010 sögðust 81% svarenda vera ánægð með stjórnunina, þar af segjast 34% vera *mjög ánægð*. Ánægjuhlutfallið hækkaði um 15 prósentustig á milli kannana 2008 og 2010. Á kvarðanum 1 til 5 skorar skólinn 4,1, meðaltalið í borginni allri fyrir árið 2010 var 4,0 og skólinn því 0,1 yfir meðaltali.

Starfsmenn í rýnihópum segja aðgengi að skólastjórnendum almennt gott, sérstaklega aðstoðarskólastjóra „hann er út um allt og alls staðar“, en skólastjóri er meira í burtu og stundum erfitt að ná á hana. Kennurum finnst slæmt þegar stjórnendur eru ekki til staðar til að taka á agamálum nemenda. Stjórnendur eru sýnilegir í skólastarfinu, að mati kennara, á göngum og í matsal og stofurnar eru opnar, þannig að nemendur þekkja þau vel.

Einu sinni í viku er fastur fundartími fyrir kennarafundi og starfsmannafundi.

Starfsmannafundir eru mánaðarlega og kennarafundir iðulega hinar vikurnar eða þrjár í mánuði. Fagfundir eru í flestum tilvikum einu sinni í viku og svo teymisfundir þar sem fram fer „allskonar þróunarvinna“. Teymi voru sett af stað á sl. skólaári og gekk ágætlega þá. Kennarar sem unnu á sama svæði og komu að nokkrum bekkjum unnu saman í hópum um fimm verkefni. Eitt verkefnanna „lesum og skiljum“ hefur verið á mjög miklu flugi, að sögn aðstoðarskólastjóra meðan hin fóru hægt af stað. Hóparnir hafa haldist óbreyttir í ár og lýðheilsuverkefnið er núna að eflast að sögn.

Skipulag skóladags

Skóladagur nemenda í bekk hefst með kennslu kl. 8:30. Skóladagur hefst þó og lýkur á mismunandi tíma eftir valgreinum sem nemandi hefur valið sér en valgreinar raðast ýmist í

upphaf eða lok dags. Kennslu í kjarnagreinum virðist almennt lokið 14:55, en sundtímar raðast í lok dags og getur þá skóladagurinn teygst til kl. 16:30.

Skólinn er opinn frá kl: 8:00 til kl. 16:00 mánudaga til fimmtudaga en til kl. 15:00 á föstudögum. Frímínútur eru í 20 mínútur milli 2. og 3. stundar og hlé í 5 mínútur milli kennslustunda, nema milli 1. og 2. stundar 7. og 8. stundar. Hálf tíma matarhlé er á bilinu 11:35-13:05 og er misjafnt eftir dögum og bekkjum hvernig það raðast. Í einhverjum tilvikum er 20 mínútna kennslustund aðliggjandi matarhléi og önnur lengri að því loknu. Í rýnihópi nemenda kemur fram að þeim finnst þessi stund nýtast illa.

Á töflu 8. bekkja eru skráðir 36 tímar, þar til viðbótar kemur sundtími. Á töflu 9. og 10. bekkja eru skráðir 29 tímar, þar til viðbótar koma 8 tímar í valgreinum.

Skóladagurinn er skipulagður þannig að kennt er í 40 mínútna kennslustundir en flestar bóklegar greinar hafa tvo samliggjandi tíma einu sinni eða tvisvar í viku. Stundatöflur eru samfelldar en eyður geta komið fyrir í tengslum við valgreinar og dagar eru mislangir.

Samstarf við grenndarsamfélagið

Hagaskóli er viðtökuskóli fyrir nemendur úr grunnskólum í Vesturbæ, Grandaskóla, Vesturbæjarskóla og Melaskóla. Að vori áður en nemendur hefja nám í 8. bekk í Hagaskóla er þeim boðið í heimsókn í skólann ásamt kennurum aðkomuskólanna. Þegar nemendur úr öllum aðkomuskólunum hafa komið í heimsókn er foreldrum boðið til seinnipartsfundar þar sem farið er yfir skólaskiptin og fyrirkomulag skólastarfs í Hagaskóla (Handbók, s. 27).

Í stefnu skólans er fjallað um samstarf heimila og skóla og við grenndarsamfélagið. Þar segir:

- Gagnkvæm og virk upplýsingamiðlun sé milli heimila og skóla.
- Öflugt menningar- og listalíf sé starfrækt innan Hagaskóla.
- Reglulegt samráð og samvinna sé við þá aðila sem koma að starfi unglunga í skólaumhverfinu.

Samstarf er við félagsmiðstöðina Frosta sem býður börnum og unglingum í Vesturbæ upp á fjölbreytt félags- og tómstundastarf þar sem áhersla er lögð á forvarnir og að beina þeim inn á braut heilbrigðs og jákvæðs lífarnis. Megináhersla er lögð á starf með unglingum í 8.-10. bekk og haustið 2010 flutti Frosti starfsemi sína inn í Hagaskóla að meira leyti en áður.

Skólalæping Hagaskóla var haldið vorið 2010 með þátttöku foreldra, nemenda, starfsmanna og frá grenndarsamfélaginu. Það er vettvangur þeirra sem koma að skólastarfinu til að hittast og ræða saman. Umræðuefnið var: Hvað geta nemendur/foreldrar/starfsmenn gert til að gera Hagaskóla að enn betri skóla? Niðurstöður voru birtar í bæklingi um skólalæpingið og þar kemur fram að vinna er hafin til að greina hugmyndir sem fram komu og gera áætlun um framgang þeirra (Skólalæping Hagaskóla 2010).

Ábendingar

- Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri ásamt deildarstjóra nemendabjónustu og tveimur verkefnastjórum í hálfu starfi mynda stjórnunarteymi skólans.
- Skólastjórar funda reglulega annars vegar með verkefnastjórum og hins vegar með deildarstjóra nemendabjónustu og námsráðgjafa. Einu sinni í viku hitta stjórnendur einnig umsjónarmann fasteigna sem er næsti yfirmaður skólaliða og matráð sem er yfirmaður starfsmanna mótuneytis á samráðsfundum.

- Fagstjórar eru í kjarnagreinunum sex, þeir funda reglulega með sínum faghópi.
- Skólastjóri leggur áherslu á að skólinn sé skóli fyrir alla og síðan hún kom til starfa hefur hún lagt áherslu á breytingar, m.a. aukna sérkennslu og blandaða bekki í stað ferðakerfis. Hún leggur einnig áherslu á að virðing sé grunngildi í öllum samskiptum í skólasamfélaginu
- Skipurit skólans liggur fyrir við matið, svo og starfslýsingar fyrir stjórnendur og starfsmenn skólans.
- Verkefni verkefnastjóra skiptast þannig að annar vinnur með kennurum að þróunarverkefnum m.a. í námsmati og notkun á Mentor, en hinn sér um Olweusarverkefni gegn einelti ásamt námsráðgjafa og einnig verkefni sem tengjast samskiptum nemenda og nemendalýðræði, þar á meðal þróunarverkefnið *Vinátta, virðing, jafnrétti*.
- Starfsmenn í rýnihópum segja aðgengi að skólastjórnendum almennt gott, sérstaklega aðstoðarskólastjóra „hann er út um allt og alls staðar“, en skólastjóri er meira í burtu vegna funda.
- Í spurningu um stjórnun skólans í foreldrakönnun veturinn 2010 sögðust 81% svarenda vera ánægð með stjórnunina, þar af segjast 34% vera *mjög ánægð*.
- Starfsmannafundir eru mánaðarlega og kennarafundir iðulega hinar vikurnar eða þrjár í mánuði. Fagfundir eru í flestum tilvikum einusinni í viku og svo teymisfundir þar sem fram fer „allskonar þróunarvinna“.
- Skóladagur nemenda í bekk hefst með kennslu kl. 8:30. Skóladagur hefst þó og lýkur á mismunandi tíma eftir valgreinum. Kennslu í kjarnagreinum virðist almennt lokið 14:55 og sundtímar raðast í lok dags og getur þá skóladagurinn teygst til kl. 16:30.
- Í stefnu skólans er fjallað um samstarf heimila og skóla og við grenndarsamfélagið. Þar segir:m.a.: Reglulegt samráð og samvinna sé við þá aðila sem koma að starfi unglinga í skólaumhverfinu.
- Hagaskóli er viðtökuskóli fyrir nemendur úr grunnskólum í Vesturbæ. Að vori áður en nemendur hefja nám í 8. bekk í Hagaskóla er þeim boðið í heimsókn í skólann ásamt kennurum aðkomuskólanna.
- Samstarf er við félagsmiðstöðina Frosta sem býður börnum og unglingum í Vesturbæ upp á fjölbreytt félags- og tómstundastarf.
- Skólaþing Hagaskóla var haldið vorið 2010 með þátttöku foreldra, nemenda, starfsmanna og frá grenndarsamfélaginu.

Stefna og starfsáætlun

Starfsáætlun Hagaskóla fyrir skólaárið 2010-2011 var yfirfarin á grunnskólaskrifstofu Menntasviðs haustið 2010 og telst hún samkvæmt því mati uppfylla að flestu leyti þær kröfur sem Menntasvið gerir um starfsáætlanir grunnskóla Reykjavíkur (sjá athugasemdir í fylgiskjali 6, gátlisti um starfsáætlun).

Stefna Hagaskóla er birt í handbók skólans og á heimasíðu, þar segir:

- Í Hagaskóla afli nemendur sér þekkingar og leikni og temji sér vinnubrögð sem stuðla að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska
- Skólastarfið leggi grunn að sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfni hæfni þeirra til samstarfs við aðra
- Skólabragurinn stuðli að því að nemendur tileinki sér gott siðgæði, sýni virðingu og vinnusemi

Kennsluhættir og námsmat

- Lögð sé áhersla á að hver nemandi njóti alhliða menntunar við sitt hæfi og fái hvatningu til náms í samræmi við þroska sinn og áhuga
- Lögð sé áhersla á að þróa fjölbreytta kennsluhætti og námsmat
- Mótun sé stefna sem miði að því að námsframvinda hvers nemanda sé í samræmi við getu hans og þroska

Líðan nemenda

- Nemendur finni öryggi og vellíðan í skólanum
- Samskipti starfsfólks og nemenda mótist af gagnkvæmri virðingu og hlýju

Aðstæður til náms og vinnu

- Skólahúsnæði og umhverfi þess sé hlýlegt og vistlegt
- Skólalóðin sé bæði hluti af námsumhverfi og aðlaðandi og öruggt leiksvæði
- Fyrir hendi sé góð aðstaða til tólmstundastarfs

Innra starf

- Hagaskóli vinni í átt að markmiðum sínum með ákveðnum hætti þar sem öllum er ljóst til hvers er ætlast af þeim og hvaða svigrúm er til athafna
- Í Hagaskóla verði þróaðir mælikvarðar til að meta nám og aðra þætti skólastarfsins
- Hagaskóli sé þekkingarsamfélag
- Starfsmenn finni vellíðan og öryggi í starfi

Heimili og skóli - grenndarsamfélagið

- Gagnkvæm og virk upplýsingamiðlun sé milli heimila og skóla
- Öflugt menningar- og listalíf sé starfrækt innan Hagaskóla
- Reglulegt samráð og samvinna sé við þá aðila sem koma að starfi unglunga í skólaumhverfinu

Ábendingar

- Starfsáætlun Hagaskóla fyrir skólaárið 2010-2011 var yfirfarin á grunnskólaskrifstofu Menntasviðs haustið 2010 og telst hún samkvæmt því mati uppfylla að flestu leyti þær kröfur sem Menntasvið gerir um starfsáætlanir grunnskóla Reykjavíkur
- Stefna Hagaskóla er birt í handbók skólans og á heimasíðu, þar segir m.a.:
 - Í Hagaskóla afli nemendur sér þekkingar og leikni og temji sér vinnubrögð sem stuðla að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska
 - Skólastarfið leggi grunn að sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfni hæfni þeirra til samstarfs við aðra
 - Skólabragurinn stuðli að því að nemendur tileinki sér gott siðgæði, sýni virðingu og vinnusemi.

Nemendur og líðan

Skólinn er þátttakandi í Skólapulsinum, vefkerfi sem miðar að því að veita skólastjórnendum stöðugan aðgang að nýjum upplýsingum sem aflað er mánaðarlega um þætti sem tengjast virkni nemenda og líðan þeirra í skólanum og um skóla- og bekkjaranda. Niðurstöður um stöðu nemenda í 6.-10. bekk eru bornar saman við niðurstöður fyrri mælinga í skólanum og við landsmeðaltal sem gefur skýrar vísendingar um þróun mála í skólanum og stöðu nemenda í skólanum miðað við nemendur í öðrum skólum í landsins.³

³ Upplýsingar sóttar á vef verkefnisins, www.skolapulsinn.is 8. janúar 2009.

Í könnun Skólapúlsins sem lögð var fyrir úrtak nemenda úr 8.-10. bekk Hagaskóla í febrúar 2011 er ánægja af lestri og áhugi á stærðfræði meiri en í fyrri könnunum og yfir meðallagi sambærilegra skóla. Spurningar er varða líðan nemenda; stjórn á eigin lífi, kvíða og vanlíðan koma svipað út og landsmeðaltal og spurning um einelti aðeins betur. Mestu jákvæðar breytingar frá síðustu mælingu skólans eru í spurningunni: ánægja af lestri (+0.78) og agi í tímum (+0.52), hvorttveggja marktækt yfir landsmeðaltali. Helstu neikvæðu breytingar milli mælinga eru í spurningum um kvíða (+0.73) og einelti (+0.75).

Foreldrar í Hagaskóla mátu líðan barna sinna í skólanum almennt upp á skorið 4,2 sem jafngildir því að þar líði þeim að meðaltali *oftast vel* og reyndar rúmlega það. Líðan í frímínútum meta foreldrarnir einnig uppá 4,2 en í kennslustundum uppá 4,1. Hér voru gildin í skólanum í öllum tilvikum hærri en þau voru árið 2008 og í tveimur tilvikum hærri eða jöfn meðaltölum borgarinnar.

Í skólanum er unnið eftir kerfi Olweusar gegn einelti. Verkefnastjóri og námsráðgjafi skólans hafa umsjón með fræðslu, umræðu og vinnu gegn einelti. Samkvæmt könnun sem lögð var fyrir í nóvember 2009 svara 3.4% nemenda því játandi að þau hafi orðið fyrir einelti 2-3 í mánuði eða oftar, hærra hlutfall stráka en stelpna. Dregið hefur úr einelti miðað við mælingar sl. 2ja ára. Algengast er að einelti eigi sér stað á göngum skólans hjá báðum kynjum.

Í Skólapúlsinum eru nemendur spurðir um einelti út frá atvikum á undanförunum 30 dögum. Niðurstaðan í síðustu fyrirlögn bendir til þess að einelti sé heldur minna í Hagaskóla en í sambærilegum skólum og heldur minna hjá strákum en stelpum.

Af 78 foreldrum í Hagaskóla er svöruðu spurningu um hvort barn þeirra hefði verið lagt í einelti í skólanum, sögðu 22 eða 28%, svo vera. Meðaltalið fyrir skólana alla var 27%. Þessir foreldrar svöruðu spurningu um hvernig brugðist hefði verið við eineltinu af hendi skólans. Sex (27%) sögðu að skólinn hefði brugðist *fljótt og vel* við eineltinu, aðrir sex (27%) sögðu að skólinn hefði brugðist *vel en ekki nógu fljótt* við en tíu (46%) sögðu að skólinn *hefði ekki tekið á málinu*. Niðurstaðan í skólanum varðandi viðbrögðin var ögn lakari en niðurstaðan í borginni.

Nemendur í rýnihópum tala um að þeim líði vel í skólanum og þau halda að öðrum líði líka almennt vel, þó vita þau um krakka sem eru einmana og líður illa. Krökkunum líður almennt vel í bekknum sínum og sumir eiga vini í árganginum fyrir utan bekkinn, segja þau, en lítil tengsl eru milli árganga. Nemendur úr 8. bekk segjast ekki fara að spjalla við krakka úr 10. bekk og telja það bjóða hættunni heim („nema þau vilji deyja“).

Nemendum liggur misjafnt orð til kennara sinna, sumir eru „ágætir“ eða „fínir“ en aðrir „daufir“ eða „ömurlegir“ og svo finnst þeim sumir gera upp á milli nemenda. Almennt kunna kennarar það sem þeir eru að kenna að mati nemenda í rýnihópi „vita það sem er í bókinni“.

Ábendingar

- Í könnun Skólapúlsins sem lögð var fyrir úrtak nemenda úr 8.-10. bekk Hagaskóla í febrúar 2011 er ánægja af lestri og áhugi á stærðfræði meiri en í fyrri könnunum og yfir meðallagi sambærilegra skóla.
- Spurningar er varða líðan nemenda; stjórn á eigin lífi, kvíða og vanlíðan koma svipað út og landsmeðaltal og spurning um einelti aðeins betur.
- Mestu jákvæðar breytingar frá síðustu mælingu skólans eru í spurningunni: ánægja af lestri (+0.78) og agi í tímum (+0.52), hvorttveggja marktækt yfir landsmeðaltali.

Helstu neikvæðu breytingar milli mælinga eru í spurningum um kvíða (+0.73) og einelti (+0.75).

- Foreldrar barna í Hagaskóla mátu líðan barna sinna í skólanum upp á skorið 4,2 í foreldrakönnun 2010. Meðaltalið í borginni allri var 4,1.
- Í skólanum er unnið eftir kerfi Olweusar gegn einelti. Samkvæmt könnun sem lögð var fyrir í nóvember 2009 svara 3.4% nemenda því játandi að þau hafi orðið fyrir einelti. Dreigið hefur úr einelti miðað við mælingar sl. tveggja ára.
- Í Skólapúlsinum eru nemendur spurðir um einelti út frá atvikum á undanförunum 30 dögum. Niðurstaðan í bendir til þess að einelti sé heldur minna í Hagaskóla en í sambærilegum skólum og minna hjá stelpum en strákuum.
- Af þeim foreldrum í Hagaskóla er svöruðu spurningu í foreldrakönnun 2010 um hvort barn þeirra hefði verið lagt í einelti í skólanum, segja 28%, svo vera. Meðaltalið fyrir skólana alla er 27%. Niðurstaðan í skólanum varðandi viðbrögðin er eilítið lakari en niðurstaðan í borginni.
- Nemendur í rýnihópum tala um að þeim líði vel í skólanum og þau halda að öðrum líði líka almennt vel, þó vita þau um krakka sem eru einmana og líður illa.
- Krökkunum líður almennt vel í bekknum sínum. Nemendur úr 8. bekk segjast ekki fara að spjalla við krakka úr 10. bekk og telja það bjóða hættunni heim.
- Nemendum liggur misjafnt orð til kennara sinna, sumir eru „ágætir“ eða „fínir“ en aðrir „daufir“ eða „ömurlegir“. Almennt kunna kennarar það sem þeir eru að kenna að mati nemenda í rýnihópi „vita það sem er í bókinni“.

Stjórn nemendafélags

Stjórn nemendafélags Hagaskóla er skipuð níu fulltrúum; tveimur úr 8. bekk, þremur úr 9. bekk og fjórum úr 10. bekk. Þrír nemendur úr sitt hvorum árgangi eru varamenn. Starfsmenn félagsmiðstöðvarinnar Frosta hafa umsjón með starfi stjórnarinnar og hafa gert síðan í haust.

Kosið er til stjórnarinnar í byrjun skólaárs. Þeir sem vilja bjóða sig fram skrá sig á skrifstofunni og síðan fer kjör fram á sérstökum kjördegi. Eftir að stjórn hefur verið kjörin er valið innan hennar í embætti formanns, varaformanns og ritara. Stjórnin á fastan fundartíma einu sinni í viku. Félagsgreinakennarar í skólanum koma lítið að starfi stjórnarinnar en stjórnin fundar með skólastjórnendum ef þurfa þykir. Nemendum í 10. bekk er boðið upp á nemendafulltrúa sem valgrein en hugmyndin er sú að nemendafulltrúar sinni jafningjafraeðslu og séu nokkurs konar aðstoðarmenn fyrir þá sem lenda í vanda. Samstarf nemendafulltrúa við stjórn nemendafélags hefur verið nokkuð, þeir hafa t.d. unnið að verkefnum sem falla undir vináttu, virðingu og jafnrétti en samstarfið var meira á síðasta skólaári en núna í vetur.

Starfsmenn heildarmats fylgdust með fundi stjórnarinnar sem gaf eftir fundinn einnig upplýsingar um starf hennar. Tveir starfsmenn Frosta voru á fundinum og sex nemendur í stjórninni. Á fundinum voru til umræðu ýmis mál er tengdust viðburðum sem var verið að skipuleggja, a.s.s. Hagó-Való dagurinn, íþróttadagur, draugahús og árshátíð. Einnig var rætt um efnisatriði til að ræða á fyrirhuguðum fundi með skólastjórnendum. Formaður stjórnarinnar var með punkta til að fylgja eftir á fundinum.

Nemendur fá einhverja kynningu á því hvað felst í störfum stjórnarinnar, en fulltrúar nemenda í 8. bekk sögðust ekki hafa haft mikla hugmynd um það fyrirfram. Þátttaka fyrir kjörið var minnst í 8. bekk þar sem aðeins fjórir buðu sig fram til stjórnarinnar en mun meiri áhugi var meðal 10. bekkinga þar sem u.þ.b. 20 buðu sig fram. Fulltrúar í stjórn sögðu þátttöku í félagslífinu vera góða og nemendur úr 8. bekk væru duglegir að mæta.

Skipulag fundarins var frekar óformlegt og réðist af þeim punktum sem formaður stjórnarinnar fór yfir á fundinum. Starfsmönnum heildarmats þótti það ekki alltaf skýrt að hvaða niðurstöðu var komist og vantaði nokkurt jafnvægi á innlegg fundarmanna. Fundurinn var að mestu leyti samræða á milli formannsins og fulltrúanna í 10. bekk annars vegar og starfsmanna Frosta hinsvegar. Fulltrúar 8. bekkinga í stjórninni höfðu sig lítið í frammi og ekki var leitað eftir sjónarmiðum þeirra sérstaklega í umræðum um skipulag og tilhögun viðburða. Það kom fram í samtali við stjórnina eftir fundinn að mikið gap hefði verið á milli 8. bekkinga og eldri nemenda undanfarin ár en það væri að minnka. Yngstu nemendurnir voru sagðir halda sig mikið til hlés fyrsta árið. Það kom fram að þau væru spennt að byrja í nýjum skóla og kynnast fleiri nemendum sem væru einnig að koma úr öðrum skólum. Á fundinum var greinilegt að fulltrúar stjórnarinnar leggja metnað í að viðburðir séu tíðir og mikið í þá lag, s.s. árshátíð nemenda sem var á meðal þess sem rædd var á fundinum.

Á heimasíðu skólans eru takmarkaðar upplýsingar um stjórn nemendafélagsins, aðeins er að finna nöfn þeirra skipa stjórnina. Það kom fram á fundinum með stjórn nemendafélagsins að stjórnendur eða starfsmenn skóla velji fulltrúa nemenda í skólaráði. Samkvæmt upplýsingum frá skólastjórnendum velja nemendur sjálfir fulltrúa sína í skólaráð. Á heimasíðu skólans eru ekki uppfærðar upplýsingar um fulltrúa nemenda í skólaráði. Samkvæmt grunnskólalögum skal nemendafélag hvers skóla setja sér starfsreglur, þ.m.t. um kosningu fulltrúa í skólaráð skv. 2. mgr. 8. gr. laganna (2.mgr. 10. gr)

Félagslíf

Frosti, félagsmiðstöð í Vesturbæ sér um félagsstarf, böll og aðra viðburði s.s. skíðaferð í samstarfi við stjórn nemendafélagsins. Skólinn skipuleggur jólaball og árshátíð. Að mati rýnihópa nemenda er framboð á böllum og viðburðum gott en það eru mest 8.bekkingar sem sækja viðburði. Nefnt var í rýnihópi að það þyrftu að vera 9. bekkingakvöld og 10. bekkingakvöld en aðrir segja að eldri nemendur þurfi ekki Frosta lengur.

Í skólablaði nemenda fyrir skólaárið 2009-2010 eru myndir af útskriftarnemum í 10. bekk og einnig myndir úr félagslífi skólans. Haldin er árshátíð, nemendur taka þátt í Skrekk, Skólahreysti, Máli sem er ræðukeppni grunnskóla, Nema-hvað spurningakeppni grunnskóla og árlega er sett upp vegleg leiksýning nemenda skólans.

Verkefnið Gott mál í Hagaskóla felst í því að undirbúa fjáröflun með góðgerðarskemmtun í skólanum. Nemendafulltrúar og stjórn nemendafélagsins hafa leitt verkefnið en nemendur allra bekkja leggja fram krafta sína í fjáröflun og skemmtun þennan dag. Styrkt eru tvö málefni eitt alþjóðlegt og annað innlent.

Ábendingar

- Stjórn nemendafélags Hagaskóla er skipuð níu fulltrúum og þremur varafulltrúum.
- Starfsmenn félagsmiðstöðvarinnar Frosta hafa umsjón með starfi stjórnarinnar en félagsgreinakennarar koma lítið að starfinu.
- Fulltrúar í stjórn nemendafélagsins eru ánægðir með félagslífið og segja þátttöku almennt vera góða.
- Skipulag fundar sem starfsmenn heildarmats sátu þótti frekar óformlegt og óskýrt að hvaða niðurstöðu var komist varðandi þá viðburði sem voru til umræðu. Nemendur 8. bekkjar voru ekki virkir þátttakendur í umræðu.
- Litlar upplýsingar er að finna á heimasíðu skólans um störf stjórnar nemendafélags.

- Athygli er vakin á því að samkvæmt grunnskólalögum skal nemendafélagið setja sér reglur um kjör fulltrúa nemenda í skólaráð.
- Haldin er árhátíð, nemendur taka þátt í Skrekk, Skólahreysti, Máli sem er ræðukeppni grunnskóla, Nema-hvað spurningakeppni grunnskóla og árlega er sett upp vegleg leiksýning nemenda skólans.
- Verkefnið Gott mál í Hagaskóla felst í því að undirbúa fjáröflun með góðgerðarskemmtun í skólanum. Nemendafulltrúar og stjórn nemendafélagsins hafa leitt verkefnið en nemendur allra bekkja leggja fram krafta sína í fjáröflun og skemmtun þennan dag.

Reglur og agi

Skólareglur eru birtar í handbók skólans fyrir skólaárið 2010-2011 sem gefin er út á vefnum og uppfærð eftir því sem þurfa þykir. Skólareglur eru einnig kynntar á kynningarfundum fyrir foreldra að hausti.

Skólareglur eru skýrar og einfaldar og reglur um mætingu sömuleiðis. Nemendur fá punkta sem hafa áhrif á mætingareinkunn. Viðbrögð við agabrotum eru einnig birt, þ.e. hvernig brugðist er við brotum á einstökum reglum og hver tekur á málum hverju sinni. Viðbrögðin felast í að ræða við nemanda og ræða við foreldra og í flestum tilvikum eru brotin skráð í Mentor. Ekki kemur fram hvernig nemendur eru hvattir til að fara að reglunum og gert er ráð fyrir að brot á skólareglum geti leitt til þess að nemandi fái ekki að taka þátt í félagsstarfi (sjá fylgiskjal; gátlisti um skólareglur). Bekkjarreglur eru uppi við í stöku kennslustofum.

Skólareglur og viðurlög uppfylla að mestu kröfur um skólareglur eins og þær birtast í grunnskólalögum nr.91/2008 (sjá fylgiskjal: gátlisti um skólareglur).

Fram kemur í rýnihópum kennara að nemendur þekki skólareglur og fari almennt eftir þeim þó þær séu ekki endilega sýnilegar í öllum stofum. Viðbrögð við agabrotum séu þannig að tekið er á hverju máli fyrir sig og gengur það almennt vel og oftast aðstoðarskólastjóri með kennara sem kemur fyrst að málum. Það eru þó ekki skýrar vinnureglur, segir í rýnihópi kennara, stundum er hringt í umsjónarkennara vegna nemanda sem brýtur af sér og það er líka „neyðarlegt“ ef kennari grípur í tómt og enginn stjórnandi til staðar til að taka á málum,.

Bæði í rýnihópum kennara og starfsmanna kemur fram að almennt sé hegðun nemenda góð og aðeins lítið brot hópsins sem eiga í vanda með hegðun.

Nemendur í rýnihópum segjast þekkja skólareglur, þær eru kynntar í 8. bekk og eru uppi við í sumum stofum. Þau segja jafnframt að ekki sé farið eftir þeim og þeim misjafnlega fylgt eftir, stöku kennari er með sérreglur. Þau þekkja líka viðurlögin „rekinn í þrjá daga ef eitthvað stórt gerist“, orðar einn það og það finnst þeim „ekki nógu hræðilegt“.

Kennarar hrósa ef krakkar vinna vel, segja nemendur í rýnihópi, en það mætti alveg vera meira. Hjá nemendum kemur fram að vinnufriður sé ekki alltaf góður, „fer eftir kennurum“.

Í kennslustundum sem heimsóttar voru mátti almennt sjá styrka stjórn kennara og góðan vinnufrið (sjá fylgiskjal; vettvangsathuganir).

Í foreldrakönnun 2010 kom fram að um 86% svarenda í Hagaskóla fannst aginn hæfilegur sem er aðeins yfir meðaltali í borginni allri (tæp 83%).

Ábendingar

- Skólareglur eru birtar í handbók skólans fyrir skólaárið 2010-2011 og þær eru kynntar á kynningarfundum fyrir foreldra að hausti.
- Skólareglur eru skýrar og einfaldar og reglur um mætingu sömuleiðis. Nemendur fá punkta sem hafa áhrif á mætingareinkunn. Viðbrögð við agabrotum eru einnig birt.
- Skólareglur og viðurlög uppfylla að mestu kröfur um skólareglur eins og þær birtast í grunnskólalögum nr.91/2008 (sjá fylgiskjal: gátlisti um skólareglur).
- Fram kemur í rýnihópum kennara að nemendur þekki skólareglur og fari almennt eftir þeim þó þær séu ekki endilega sýnilegar í öllum stofum. Viðbrögð við agabrotum séu þannig að tekið er á hverju máli fyrir sig.
- Bæði í rýnihópum kennara og starfsmanna kemur fram að almennt sé hegðun nemenda góð og aðeins lítið brot hópsins sem eiga í vanda með hegðun.
- Nemendur í rýnihópum segjast þekkja skólareglur, þær eru kynntar í 8. bekk og eru uppi við í sumum stofum. Þau segja jafnframt að ekki sé farið eftir þeim og þeim misjafnlega fylgt eftir, stöku kennari er með sérreglur að þeirra sögn.
- Kennarar hrósa ef krakkar vinna vel, segja nemendur í rýnihópi, en það mætti alveg vera meira. Hjá nemendum kemur fram að vinnufriður sé ekki alltaf góður, „fer eftir kennurum“.
- Í kennslustundum sem heimsóttar voru mátti almennt sjá styrka stjórn kennara og góðan vinnufrið (sjá fylgiskjal; vettvangsathuganir).
- Í foreldrakönnun 2010 kom fram að um 86% svarenda í Hagaskóla fannst aginn hæfilegur sem er aðeins yfir meðaltali í borginni allri (tæp 83%).

Viðvera nemenda

Farið var yfir forföll nemenda á vorönn 2010 eftir bekkjum. Reiknað var hlutfall miðað við heildartímafjölda á önninni. Fjarvera nemenda vegna veikinda, leyfa eða fjarvista eru ívið hærri en að meðaltali í þeim skólum sem heildarmat hefur farið fram. Fjarvistir (óheimilar) eru hlutfallslega minni í 8. bekk en 9. og 10. bekk og fjarvera vegna veikinda hlutfallslega mest í 10. bekk.

Samkvæmt mælingum Skólapúlsins er fjarvera nemenda í Hagaskóla bæði almenn og viðvarandi heldur meiri en almennt gerist en sveiflast þó mikið milli mælinga.

Ábendingar

- Fjarvera nemenda vegna veikinda, leyfa eða fjarvista eru ívið hærri en að meðaltali í þeim skólum sem heildarmat hefur farið fram.

Viðhorf foreldra og þátttaka í skólastarfi

Í skólastefnu Hagaskóla er lögð áhersla á gagnkvæma og virka upplýsingamiðlun milli heimila og skóla. Það er umsjónarkennari sem gegnir lykilhlutverki í því að fylgjast með námi nemenda sinna og stuðla að því að efla samstarf heimila og skóla, segir í handbók skólans og er þar vísað í lög um grunnskóla (nr. 91, 2008). Nánar er í handbók fjallað um hlutverk umsjónarkennarans, hann leitast við að vera í góðu sambandi við nemendur og foreldra þeirra, er trúnaðarmaður nemenda og talsmaður (Handbók, s. 21).

Í foreldrakönnuninni veturinn 2010 svöruðu 86 foreldrar í Hagaskóla könnuninni af 130 í úrtaki, sem er 66% svörun. Svarhlutfallið var 65% fyrir alla grunnskólana í borginni. Í

skólanum voru 506 nemendur skólaárið 2009-2010, sem þýðir að svör vegna u.þ.b. 17% nemenda í skólanum var að finna í könnuninni.

Helstu niðurstöður voru þær að 90% foreldranna sögðust vera ánægð með skólann, þar af sögðust 34% vera *mjög ánægð*. Ánægjuhlutfallið í Hagaskóla var á bilinu 79-85% í könnununum frá 2000-2006 en datt niður í 65% í könnuninni 2008. Ánægjuhlutfallið hækkaði því um 25% prósentustig á milli kannananna 2008 og 2010. Á kvarðanum 1 til 5 hækkaði skólinn um 0,5 frá 2008 til 2010, fór úr 3,7 í 4,2. Skólinn var 0,1 yfir meðaltalsánægjunni í borginni allri árið 2010.

Foreldrar í rýnihópi eru ánægðir með skólann „það er allt til fyrirmyndar hér“, fagkennarar góðir og mikið og gott val. Þó telja þeir að bæta megi stefnu í samstarfi við foreldra, kennarar eru margir sem koma að hverjum nemanda þannig að foreldrar þurfa að tala við marga ef eitthvað er og „það er foreldrið sem þarf að rétta út höndina“. Þetta eru líka viðbrigði frá skólunum sem börnin koma úr á miðstiginu. Ábending frá foreldrum er að hafa mynd af kennurum á heimasíðunni svo foreldrar viti hvernig þeir líta út.

Í spurningu um stjórnun skólans sögðust 81% vera ánægð með stjórnunina, þar af segjast 34% vera *mjög ánægð*. Ánægjuhlutfallið með stjórnun Hagaskóla var á bilinu 81-90% í könnununum 2000-2006 en lækkaði niður í 66% í könnuninni 2008. Ánægjuhlutfallið hækkaði því um 15 prósentustig á milli kannananna 2008 og 2010. Á kvarðanum 1 til 5 hækkaði skólinn um 0,3 á milli mælinganna 2008 og 2010. Meðaltalið í borginni allri fyrir árið 2010 var 4,0 og skólinn því 0,1 yfir meðaltali.

Ánægja foreldra með umsjónarkennara barnanna var mikil í skólanum fyrir árið 2010, eins og reyndar í borginni allri. Í helstu sex spurningum um umsjónarkennarann voru meðaltölin í öllum tilvikum fjórir og þar yfir. Í fjórum tilvikum voru meðaltöl hærri en þau voru í könnuninni 2008 og í hinum tveimur tilvikunum voru meðaltölin hin sömu. Í einu tilviki var meðaltal herra en meðaltal borgarinnar fyrir árið 2010 en í hinum fimm tilvikunum voru þau hin sömu.

Foreldrar í Hagaskóla mátu líðan barna sinna í skólanum almennt upp á skorið 4,2 sem jafngildir því að þar líði þeim að meðaltali oftast vel og reyndar rúmlega það. Líðan í frímínútum meta foreldrarnir einnig uppá 4,2 en í kennslustundum uppá 4,1. Hér voru gildin í skólanum í öllum tilvikum hærri en þau voru árið 2008 og í öllum tilvikum hærri en tveimur tilvikum voru meðaltölin hærri eða jöfn meðaltölum borgarinnar.

Um 86% svarenda fannst aginn í skólanum *hæfilegur*, 78% fannst námslegar kröfur sem gerðar voru til barna þeirra *hæfilegar* og 75% fannst hið sama um magn heimavinnunnar. Hærra hlutfall foreldra í Reykjavík allri fannst námslegu kröfurnar og magn heimavinnunnar *hæfilegt* en lægra hlutfall þegar kom að aganum.

Sé miðað við könnunina 2008, þá hefur ánægja foreldra í nýjustu könnuninni hvað varðar þætti eins og almennt ástand húsnæðis, aðstöðu til íþróttaiðkunar, aðstöðu til að matast og leikaðstöðu á skólalóð í flestum tilvikum hækkað aðeins. Meðaltöl skólans eru hér oftast svipuð meðaltölum borgarinnar.

Í heildina kom skólinn *mjög* vel út í foreldrakönnuninni fyrir árið 2010. Þar eru mest áberandi stór stökk upp á við hvað varðar almenna ánægju foreldra með skólann og stjórnunina, auk þess sem að ánægja var mikil og á uppleið með umsjónarkennara sem og mat á líðan

barnanna. Svör vegna námslegra krafna, aga, og heimavinnu komu líka vel út og ánægja með ytri þætti var líka á uppleið. Einelti mældist svipað og í borginni allri en ánægja með viðbrögð ögn lakari.

Styrkur skólans að mati rýnihóps foreldra er stærð skólans, þau eru ánægð með að „krakkar fá að vera þau sjálf“, þeim er treyst og þau bera ábyrgð á sínu námi. Gott faglegt starf er einnig styrkur skólans að þeirra mati og stöðugleiki í kennarahópnum. Leiklistarhefðin er styrkur og góðgerðardagurinn sömuleiðis, þau eru einnig ánægð með ákveðna íhaldssemi í skólanum „gott að eitthvað er íhaldssamt í þessum heimi“.

Athugasemdir komu fram í rýnihópi foreldra hvað varðar upplýsingastreymi frá skólastjóra og skólafirvöldum vegna tillagna um hagræðingu og breytingar á skólastarfi sem hafa legið í loftinu en ekki verið kynntar með skýrum hætti. Einnig komu fram athugasemdir um að þekkingu á þroskafrávikum skorti í kennarahópnum þannig að ábyrgð verður mikil á foreldra að upplýsa hvernig taka eigi á þeim.

Mismikil ánægja kom fram með mötuneytið, að mati rýnihópsins þarf að styrkja matarmenninguna og draga úr sjoppuferðum

Skólaráð og foreldrafélag

Skólaráð fundar reglulega einu sinni í mánuði, það starfar skv. lögum og reglugerð, fundargerðir eru skrifaðar eftir fundi og senda foreldrafélagi en ekki settar á heimasíðu. Í skólaráði situr skólastjóri, þrjú fulltrúar starfsmanna skólans auk fulltrúa foreldra og nemenda og aðstoðarskólastjóri skólans er ritari ráðsins.

Fundir skólaráðs eru mikilvægir að mati rýnihóps foreldra og af hinu góða að fá sem mestar upplýsingar frá skólanum. Þeim finnst þó hópurinn sem skipar skólaráð vera ósamstæður, nokkur umræða varð í rýnihópnum um þátttöku nemenda í skólaráði, erfitt er t.d. að ræða um fjármál og fleira sem er „langt fyrir ofan þeirra þroska“.

Að mati rýnihóps foreldra þarf að vera upplýsingaflæði á milli stjórnar foreldrafélagsins og skólaráðs.

Foreldrafélag er starfandi við skólann, en það hefur verið misjafnlega virkt eftir tímabilum. Fundargerðir stjórnar hafa verið settar á heimasíðu skólans, sú nýjasta frá nóv. 2010. Aðstoðarskólastjóri fundar með stjórninni og er hann mjög virkur að mati rýnihóps foreldra. Foreldrafélagið sér um foreldrarölt í hverfinu, spilakvöld, ferðalag 10. bekkinga að vori og fleiri viðburði. Bekkjarfulltrúar eru í hverjum bekk en einhver þarf að koma til þeirra upplýsingum og hvetja þá til að vera virkir. Foreldrafélagið er einnig í samstarfi við félagsmiðstöðina í hverfinu, m.a. um gæslu á viðburðum á þess vegum.

Mæting á fundi foreldrafélags hefur verið ágæt og þátttaka í viðburðum eins og leiksýningu góð. Þó þyrfti að virkja fleiri og upplýsingar þyrftu líka að vera aðgengilegri á heimasíðu um verkefni félagsins og viðburði, stefnu og markmið. Foreldrafélagið þyrfti einnig að hafa aðgang að foreldrahópnum og skerpa þarf hver ber ábyrgð á að senda upplýsingar til foreldranna að mati rýnihópsins, „það verður að vera einhver sem tekur af skarið og sendir“.

Ábendingar

- Í skólustefnu Hagaskóla er lögð áhersla á gagnkvæma og virka upplýsingamiðlun milli heimila og skóla. Það er umsjónarkennari sem gegnir lykilhlutverki í því að fylgjast með námi nemenda.
- Helstu niðurstöður í foreldrakönnun 2010 eru þær að 90% foreldranna segjast vera ánægð með skólann, þar af segjast 34% vera mjög ánægð. Meðaltalsánægja foreldra er 4.2 (af 5) í Hagaskóla sem er jafnt meðaltali í borginni allri (4.1).
- Foreldrar í rýnihópi eru ánægðir með skólann „það er allt til fyrirmyndar hér“, fagkennarar góðir og mikið og gott val. Þó telja þeir að bæta megi stefnu í samstarfi við foreldra, kennarar eru margir sem koma að hverjum nemanda þannig að foreldrar þurfa að tala við marga ef eitthvað er
- Í spurningu í foreldrakönnun um stjórnun skólans sögðust 81% vera ánægð með stjórnunina, þar af segjast 34% vera mjög ánægð. Ánægja foreldra í Hagaskóla með stjórnunina var 4,1 sem er jafnt meðaltali í borginni (4,0).
- Ánægja foreldra með umsjónarkennara barnanna er frekar mikil í skólanum fyrir árið 2010, eins og reyndar í borginni allri.
- Um 86% svarenda fannst aginn í skólanum *hæfilegur*, 78% fannst námslegar kröfur sem gerðar voru til barna þeirra *hæfilegar* og 75% fannst hið sama um magn heimavinnunnar. Hærra hlutfall foreldra í Reykjavík allri fannst námslegu kröfurnar og magn heimavinnunnar *hæfilegt* en lægra hlutfall þegar kom að aganum.
- Í heildina kemur skólinn frekar vel út í foreldrakönnuninni fyrir árið 2010. Ánægja er yfir meðaltali borgarinnar í spurningum um ánægju með skólann almennt og stjórnun skólans og yfir meðaltali hvað varðar líðan nemenda aga, námslegar kröfur.
- Styrkur skólans að mati rýnihóps foreldra er stærð skólans, þau eru ánægð með að „krakkar fá að vera þau sjálf“, þeim er treyst og þau bera ábyrgð á sínu námi. Gott faglegt starf er einnig styrkur skólans að þeirra mati og stöðugleiki í kennarahópnum.
- Skólaráð fundar reglulega einu sinni í mánuði, það starfar skv. lögum og reglugerð, fundargerðir eru skrifaðar eftir fundi og senda foreldrafélagi en ekki settar á heimasíðu.
- Foreldrafélag er starfandi við skólann, en það hefur verið misjafnlega virkt eftir tímabilum. Fundargerðir stjórnar hafa verið settar á heimasíðu skólans, sú nýjasta frá nóv. 2010.
- Foreldrafélagið sér um foreldrarölt í hverfinu, spilakvöld, ferðalag 10. bekkinga að vori og fleiri viðburði.

Upplýsingamiðlun og samskipti

Foreldrar í rýnihópi eru ánægðir með upplýsingar um skólastarfið inni á Mentor. Þar eru upplýsingar um námið, um námsefnið og hvað á að læra. Einnig dagbók um samskiptin ef t.d. eitthvað gleymist.

Í foreldrakönnun 2010 sögðust um 84% foreldra barna í skólanum vera ánægð með upplýsingagjöf frá skólanum, þar af voru um 25% mjög ánægð. Þetta skilaði skólanum meðaltalinu 4,1 í spurningunni, sem er sama og að meðaltali í Reykjavík (4,1).

Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári, kynningarfundur að hausti og bekkjarkvöld einu sinni til tvisvar á ári. Auk þess er opið hús fyrir foreldra einu sinni á ári.

Fyrir foreldradaga fylla kennarar út eyðublað um námsframmistöðu í Mentor og nemandi ásamt foreldrum leggur mat á eigið skipulag, hegðun og heimanám, skráir styrkleika sína og veikleika í námi og setur sér markmið fram að næsta foreldrafundi.

Það er mat kennaranna að samskipti við foreldra séu almennt góð og meiri nú en áður. Mestöll samskipti við foreldra fara í gegnum umsjónarkennara og tekur hann við upplýsingum frá öðrum kennurum.

Ábendingar

- Foreldrar í rýnihópi eru ánægðir með upplýsingar um skólastarfið inni á Mentor. Þar eru upplýsingar um námið, um námsefnið og hvað á að læra.
- Í foreldrakönnun 2010 sögðust um 84% foreldra barna í skólanum vera ánægð með upplýsingaflæði frá skólanum, þar af voru um 25% mjög ánægð.
- Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári, kynningarfundur að hausti og bekkjarkvöld einu sinni til tvisvar á ári. Auk þess er opið hús fyrir foreldra einu sinni á ári.
- Fyrir foreldradaga fylla kennarar út eyðublað um námsframmistöðu í Mentor og nemandi ásamt foreldrum leggur mat á eigið skipulag, hegðun og heimanám, skráir styrkleika sína og veikleika í námi og setur sér markmið fram að næsta foreldrafundi.
- Það er mat kennaranna að samskipti við foreldra séu almennt góð og meiri nú en áður. Mestöll samskipti við foreldra fara í gegnum umsjónarkennara og tekur hann við upplýsingum frá öðrum kennurum.

Verklag

Fjölbreyttar leiðir í námi

Í skólustefnu Hagaskóla segir um kennsluhætti og námsmat:

- Lögð sé áhersla á að hver nemandi njóti alhliða menntunar við sitt hæfi og fái hvatningu til náms í samræmi við þroska sinn og áhuga
- Lögð sé áhersla á að þróa fjölbreytta kennsluhætti og námsmat
- Mótuð sé stefna sem miði að því að námsframvinda hvers nemanda sé í samræmi við getu hans og þroska (Handbók Hagaskóla, s.7).

Í námsvísi skólans fyrir skólaárið 2010-2011 koma fram markmið hvernar greinar, þættir eða aðferðir og inntak náms og kennslu byggð á aðalnámskrá grunnskóla. Þar segir t.d. í kafla um stærðfræði (s. 38) að lögð sé áhersla á að nemendur vinni á fjölbreyttan hátt bæði sjálfstætt og í hópum og í kafla um íslensku (s. 17) að nemendur fái ríkuleg tækifæri til að kynnast áhrifamætti (íslenskunnar) og margbreytileika (Námsvísir 2010-2011).

Í kennsluáætlunum árganga og greina haustið 2010 er gerð grein fyrir námsefni, námsmati og áætlaðri yfirferð á önninni þar sem námsefni og verkefnum er skipt niður á tímabil (vikur). Ekki er fjallað um kennsluhætti eða leiðir í námi, undantekning er áætlun í lífsleikni.

Í töflu sem sýnir kennsluhætti sem merkt var við í vettvangsathugunum sést að algengast var að nemendur væru að vinna að verkefnum undir stjórn kennara allir að sama eða hliðstæðu verkefni, alls 20 sinnum er merkt við það eða í um 35% þeirra stunda sem heimsóttar voru. Þar til viðbótar var merkt við innlögn og umræður í um 33% stundanna og yfirferð á heimavinnu í 5 tilvikum. Í list- og verkgreinum voru helstu kennsluhættir verklegt, sköpun og tjáning eða í 9 tilvikum (sjá fylgiskjal – vettvangsathuganir). Athygli vekur að markviss samvinna eða sjálfstæð vinna að einhverju leyti að eigin vali var aðeins að sjá í 3 tilvikum af 57 og þá helst í list- og verkgreinum.⁴

Vettvangsathuganir-kennsluhættir	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur	List- og verkgr.	Alls
Bein kennsla/innlögn/umræður	10	4	5	0	19
Verkefnavinna undir stjórn kennara	5	7	8	0	20
Þemavinna					0
Verklegt				5	5
Sköpun - tjáning				4	4
Tilraunir		1			1
Markviss samvinna í hóp				2	2
Sjálfstæð vinna nemenda, að e-u leyti að eigin vali		1		1	1
Yfirferð á heimavinnu	4	1			5

⁴ Í hverri stund getur verið merkt við öll vinnubrögð sem fyrir koma. Merkingar eru því fleiri en stundir sem fylgst var með.

Að sögn kennara í rýnihópi er kennslan í skólanum frekar hefðbundin og „við erum föst í okkar fari“, en kennsluhættir eru þó ólíkir eftir námsgreinum. Almennt fylgjast nemendur að og kennslan miðast við hópinn en þó eru sumir nemendur á undan og fá að fara í námsefni eldri bekkjar eða jafnvel framhaldsskóla, en þeir bera meira ábyrgð á því sjálfir, segir í rýnihópnum. „Það má ekki henda öllu gömlu bara fyrir fjölbreytnina“, segir líka.

Umræðutímar, hópvinna og þemavinna eru allt kennsluhættir sem nefndir eru í rýnihópum kennara og að þeirra sögn er margt í gangi hjá kennurum. Það er einnig nefnt að í valgreinum séu fjölbreyttar leiðir, hópvinna og vettvangsferðir tengdar náminu.

Í stærðfræði er unnið eftir hugsmíðakenningu og nemendur eiga að finna út hvernig á að gera hlutina og leysa dæmin. „Hver og einn á að geta gert stærðfræði þar sem hann er staddur eða á sínu getustigi“, segir kennari í rýnihópi.

Sóknarfæri er fyrir skólann að gera kennsluna enn betri með fjölbreyttum og krefjandi verkefnum nemenda.


Einstaklingsmiðað nám og markviss samvinna

Skólastarfið var metið út frá matstæki um einstaklingsmiðað nám og er skólinn í flestum þáttum kominn nokkuð áleiðis í átt til einstaklingsmiðaðs náms, heildarútkoma er 2.5 stig á kvarðanum 1-5. Lengst er skólinn kominn í viðhorfastoðinni og foreldrastoðinni (sjá fylgiskjal 2, matstæki um einstaklingsmiðað nám).

Ekki kemur fram að nemendur geri sjálfir áætlanir um nám sitt en einstaklingsáætlanir eru gerðar fyrir þá sem eru í sérkennslu. Nemendur eru í blönduðum bekkjum í kjarna námsins og í öllum bóklegum greinum er bekkurinn saman í tímum (Handbók, s.11).

Í vettvangsathugunum sást markviss samvinna helst í listgreinum en einnig sáust merki um afrakstur þemaverkefna í stofum og göngum skólans.

Mat á gæðum kennslustunda - vettvangsathuganir



Alls var farið í heimsókn í 34 kennslustundir í 8.-10. bekk og þar af 33 metnar. Í fylgiskjali um vettvangsathuganir er að finna lýsingu athugenda og mat samkvæmt viðmiðum um gæði kennslustunda (sjá fylgiskjal: Viðmið um mat á gæðum kennslustundar).

Flestar kennslustundir sem heimsóttar voru teljast góðar (súla 2 á myndinni) eða 70% og 3% (súla 1 á myndinni) til viðbótar frábærar, nemendur eru almennt virkir og fara að fyrirmælum og bekkjarstjórnun kennara almennt örugg. 24% kennslustundanna teljast viðunandi (súla 3), og 3% kennslustunda sem heimsóttar voru teljast óviðunandi (súla 4). Til samanburðar eru gæði kennslustunda að meðaltali í þeim skólum sem metnir hafa verið síðan í byrjun árs 2009.

Í foreldrakönnun 2008 kemur fram að um 78% svarenda í Hagaskóla fannst námslegar kröfur sem gerðar voru til barna þeirra hæfilegar, og 75% fannst heimavinnan hæfileg. Í báðum tilvikum voru meðaltölin aðeins undir meðaltölunum í borginni allri.

List- og verkgreinar eru kenndar hálfan veturinn í 8. bekk hver grein, en sem valgreinar í 9.-10. bekk. Í 8. bekk eru kenndar myndmennt, heimilisfræði, upplýsingamennt, leiklist, tónmennt, textílmenn, hönnun/smíði. Hverjum bekk er skipt í tvo hópa, stundum eftir kynjum.

Fjölbreyttar list- og verkgreinar eru í vali fyrir nemendur í 9. og 10. bekk eða um helmingur þeirra valgreina sem í boði eru.

Valgreinar

Boðið er upp á fjölbreyttar valgreinar í 9.-10. bekk eða alls 38 valkostir sem boðið er upp á. Kennt er í um 40 hópum í hvorum árgangi í um 20 ólíkum greinum skólaárið 2010-2011, þar af er tæpur helmingur list- og verkgreinar. Hver nemendi velur í 8 vikustundir eða fjórar greinar að jafnaði.

Í valgreinabæklingi kemur fram að boðið er upp á að meta skipulagt nám sem stundað er utan grunnskóla sem valgrein í samræmi við lög um grunnskóla (nr. 91. 2008).

Skólasafn

Markmið safnsins er að safnkosturinn hafi fræðslu- og uppeldislegt gildi og sé aðgengilegur nemendum og starfsfólki skólans; að nemendur fái leiðbeiningar og þjálfun í notkun safna; að nemendur geti unnið sjálfstætt að upplýsinga- og efnisöflun; að safnið örvi áhuga nemenda á notkun safnefnis til skemmtunar, fróðleiks og þroska; að leiðbeina nemendum og starfsfólki skólans við upplýsingaleit á margmiðlunardiskum, í tölvuvæddum skráum og á tölvunetum (Handbók, s. 26).

Skólasafnið er í björtu rými á 2. hæð skólans, það virðist nokkuð vel búið gögnum, pláss er fyrir hópa við nokkur hringborð og það kemur fyrir að kennarar senda hópa til að vinna á safni að sögn starfsmanns. Þar eru einnig fjórar tölvur sem nemendur geta sest við til að vinna og nota líka til að prenta út verkefni og ritgerðir. 10. bekkur skilar stórri ritgerð um bók og notar þá safnið til upplýsingaöflunar, annars er það mest notað til útlána. Kennarar senda nemendur gjarnan á safnið til að taka veikindapróf og kemur það í tórnum.

Á safninu er haldið utan um bekkjarsett til útlána, s.s. lestrarbækur í dönsku og íslensku sem eru á lánaðar á nafn. Helsti vandi vandi safnsins að mati starfsmanns er að innheimta bækur sem lánaðar hafa verið út en er ekki skilað.

Námsmat

Unnið hefur verið að endurskoðun á námsmati sl. tvö skólaár. Skólaárið skiptist í tvær annir, haustönn og vorönn, þar sem hvorri önn lýkur með námsmati. Skv. upplýsingum sem fram koma í handbók og á heimasíðu skólans er hlutverk námsmats að vera leiðsögn að lokamarki. Í október er veitt leiðsagnarmat og verkefnabækur opnaðar. Í janúar eru miðsvetrarpróf, í byrjun febrúar fær nemandi vitnisburðarblað og í júní eru gefnar lokaeinkunnir.

Skólaeinkunnir byggja á vinnueinkunnum og prófseinkunnum í þeim greinum sem lokið er með prófum. Vinnueinkunn er gefin allan veturinn en í henni gildir mat á vinnu og færni að lágmarki 40% en metin verkefnavinna og skyndipróf gilda í mesta lagi 60%.

Prófseinkunnir eru einkunnir úr lokaprófum í ákveðinni grein. Lokapróf geta verið eitt eða fleiri próf á hvorri námsönn eftir greinum. Ákveðnum námsþætti eða námshluta er lokið með lokaprófum (Heimasíða, námsmat).

Fyrir foreldradaga fylla kennarar út eyðublað um námsframmistöðu í Mentor og nemandi ásamt foreldrum leggur mat á eigið skipulag, hegðun og heimanám, skráir styrkleika sína og veikleika í námi og setur sér markmið fram að næsta foreldrafundi.

Á vitnisburðarblaði birtast vinnu-, prófs- og skólaeinkunnir nemenda ásamt upplýsingum um skólasókn.

Ábendingar

- Í skólustefnu Hagaskóla segir um kennsluhætti og námsmat: Lögð sé áhersla á að hver nemandi njóti alhliða menntunar við sitt hæfi og fái hvatningu til náms í samræmi við þroska sinn og áhuga. Lögð sé áhersla á að þróa fjölbreytta kennsluhætti og námsmat. Mótuð sé stefna sem miði að því að námsframvinda hvers nemanda sé í samræmi við getu hans og þroska.
- Í námsvísunum árganga og greina haustið 2010 kemur fram að lögð sé áhersla á að nemendur vinni á fjölbreyttan hátt bæði sjálfstætt og í hópum.
- Í kennsluáætlunum er ekki fjallað um kennsluhætti eða leiðir í námi, undantekning er áætlun í lífsleikni.
- Í vettvangsathugunum var algengast að nemendur væru að vinna að verkefnum undir stjórn kennara allir að sama eða hliðstæðu verkefni eða í um 35% þeirra stunda sem heimsóttar voru. Þar til viðbótar var merkt við innlögn og umræður í um 33% stundanna og yfirferð á heimavinnu í 5 tilvikum. Í list- og verkgreinum voru helstu kennsluhættir verklegt, sköpun og tjáning.
- Að sögn kennara í rýnihópi er kennslan í skólanum frekar hefðbundin og „við erum föst í okkar fari“, en kennsluhættir eru þó ólíkir eftir námsgreinum.
- Sóknarfæri er fyrir skólann að gera kennsluna enn betri með fjölbreyttum og krefjandi verkefnum nemenda
- Skólastarfið var metið út frá matstæki um einstaklingsmiðað nám og er skólinn í flestum þáttum kominn nokkuð áleiðis í átt til einstaklingsmiðaðs náms, heildarútkoma er 2.5 stig á kvarðanum 1-5. Lengst er skólinn kominn í viðhorfastoðinni og foreldrastoðinni.
- Ekki kemur fram að nemendur geri sjálfir áætlanir um nám sitt en einstaklingsáætlanir eru gerðar fyrir þá sem eru í sérkennslu.
- Nemendur eru í blönduðum bekkjum í kjarna námsins og í öllum bóklegum greinum er bekkurinn saman í tímum.

- Í vettvangsathugunum sást markviss samvinna helst í listgreinum en einnig sáust merki um afrakstur þemaverkefna í stofum og göngum skólans.
- Flestar kennslustundir sem heimsóttar voru teljast góðar eða 70% og 3% til viðbótar frábærar, nemendur eru almennt virkir og fara að fyrirmælum og bekkjarstjórnun kennara almennt örugg. 24% kennslustundanna teljast viðunandi, og 3% kennslustunda sem heimsóttar voru teljast óviðunandi.
- List- og verkgreinar eru kenndar hálfan veturinn í 8. bekk, en sem valgreinar í 9.-10. bekk. Í 8. bekk eru kenndar myndmennt, heimilisfræði, upplýsingamennt, leiklist, tónmennt, textílmenn, hönnun/smíði.
- Fjölbreyttar list- og verkgreinar eru í vali fyrir nemendur í 9. og 10. bekk eða um helmingur þeirra valgreina sem í boði eru.
- Boðið er upp á fjölbreyttar valgreinar í 9.-10. bekk eða alls 38 valkostir sem boðið er upp á. Kennt er í um 40 hópum í hvorum árgangi í um 20 ólíkum greinum skólaárið 2010-2011. Hver nemendi velur í 8 vikustundir eða fjórar greinar að jafnaði.
- Skólasafnið virðist nokkuð vel búið gögnum. Á safninu er haldið utan um bekkjarsett til útlána, s.s. lestrarbækur í dönsku og íslensku sem eru á lánaðar á nafn.
- Unnið hefur verið að endurskoðun á námsmati sl. tvö skólaár. Skólaeinkunnir byggja á vinnueinkunnum og prófseinkunnum í þeim greinum sem lokið er með prófum. Vinnueinkunn er gefin allan veturinn en í henni gildir mat á vinnu og færni að lágmarki 40% en metin verkefnavinna og skyndipróf gilda í mesta lagi 60%.
- Fyrir foreldradaga fylla kennarar út eyðublað um námsframmistöðu í Mentor og nemandi ásamt foreldrum leggur mat á eigið skipulag, hegðun og heimanám, skráir styrkleika sína og veikleika í námi og setur sér markmið fram að næsta foreldrafundi.

Skóli án aðgreiningar - sérkennsla

Stjórnun og stefna

Deildarstjóri nemendaþjónustu sér um stjórnun námsvers og sérkennslu, hún er líka næsti yfirmaður námsráðgjafa, þroskaþjálfara, iðjuþjálfara og leiklistarmeðferðarfræðings.

Á heimasíðu skólans segir undir yfirskriftinni nemendaþjónusta: Margvíslegri nemendaþjónustu er ætlað að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda og mæta þeim sem þurfa á aðstoð að halda um lengri eða skemmri tíma.

Ekki eru fastir fundir fyrir hópinn sem starfar í námsveri, en stjórnandi kemur inn á fundi ef beðið er um það, segir í rýnihópi. Stundum eru fundir vegna einstakra nemenda þar sem er þverfaglegur hópur.

Nemendur eru aldrei í námsveri allan daginn. En tæplega hægt að tala um að skólinn sé án aðgreiningar, fremur má segja að við séum með skóla margbreytileikans, segir í rýnihópi um sérkennslu, en kannski verður meiri kennsla inni í bekkjum í framtíðinni.

Skipulag sérkennslu

Á heimasíðu undir yfirskriftinni námsver segir: Sérkennsla er eitt af námstilboðum Hagaskóla til að mæta þörfum nemenda fyrir aukinni aðstoð í námi. Hún felst ýmist í breyttum námsmarkmiðum, sér námsefni, öðru námsumhverfi eða kennsluáferðum. Sérkennsla í Hagaskóla er skipulögð eftir þörfum nemandans um lengri eða skemmri tíma. Helstu námsúrræði eru:

- Stuðningur inni í bekk
- Stafsetningarnámskeið
- Aðstoð fyrir nýnema sem koma erlendis frá (þ.e. nemendur sem hafa íslensku að móðurmáli en hafa búið lengi erlendis)
- Nýbúakennsla
- Almennir stuðningstímar í íslensku, stærðfræði og tungumálum
- Frávik í prófum, lengri tími og/eða minni hópur (Heimasíða Hagaskóla; námsver).

Námsver í Hagaskóla er tvískipt, annars vegar fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku og hins vegar fyrir nemendur með sérþarfir og námsörðugleika. Miðað er við að nemendur hafi 5 eða lægri einkunn í íslensku eða stærðfræði við val í námsverið en foreldrar geta óskað eftir stuðningi þó einkunn sé hærri.

Upplýsingar um nemendur sem þurfa stuðning í námi koma frá grunnskólunum þremur. Sótt er um fyrir þá í námsver á sérstöku umsóknareyðublaði frá námsráðgjafa eða beint frá foreldrum. Einnig ef umsjónakennari sér eitthvað þá lætur hann vita. Frumkvæði að umsókn í námsver getur verið frá umsjónarkennara, skólunum og foreldrum.

Greiningar og annað slíkt eru gerðar á hlaupum, segir í rýnihópi, “Ég vinn skýrslurnar heima í sjálfboðavinnu. GP14 verður lagt fyrir í framtíðinni og sá tími er ekki til þannig að ég veit ekki hvernig það verður farið að því”.

Að mati rýnihóps um sérkennslu er mjög gott skipulag í sérkennslunni. Nemendur sem þurfa stuðning koma í námsver skólans og kennslan er mismunandi eftir einstaklingum. Hópar eru misstórir, mest er um 20 nemendur á þrjá kennara en oftast eru kennarar tveir. Hópurinn getur verið blandaður úr 8 og 9. bekk. Þeir sem eru með íslensku sem annað tungumál eru í sér stofu. Að mati rýnihópsins veitir námsverið góða þjónustu sem skilar sér margfalt til nemenda, þeir eru ánægðir, vilja koma og mikil eftirsókn er í það. Það vill rýnihópurinn standa vörð um.

Einstaklingsáætlanir eru gerðar eftir námsgreinum, í stærðfræði og íslensku og einstaklingsáætlanir fyrir erlenda nemendur. Kennarar í námsveri gera einstaklingsáætlanir og í sumum tilvikum kemur þroskaþjálfari að gerð þeirra. Foreldrar eru upplýstir um einstaklingsáætlanir og kvitta fyrir þær.

Ekki hefur verið gerð móttökuáætlun að sögn rýnihóps en það er alltaf í bígerð “við viljum mikið skipulag en höfum oft ekki tíma til að útbúa áætlanir sérstaklega”.

Reynt er að verða við flestum beiðnum, segir í rýnihópnum, og það hefur verið gott að geta haft tímabundinn stuðning fyrir þá sem þurfa og áhyggjuefni ef það verður ekki hægt í framtíðinni vegna sparnaðar.

Aðstaða og aðbúnaður

Námsverið hefur aðstöðu í tveimur skólastofum auk einnar lítillar stofu, en samt er oft erfitt að finna rými og nemendur fara á milli stofa, „við erum út um allt, við reynum til dæmis að nýta bókasafnið“, segir í rýnihópi um sérkennslu.

Það er skortur á vinnuástöðu fyrir kennara og aðkallandi að hafa betri aðstöðu nú þegar viðvera kennara er bundin.

Ekki eru mikið líkamlega fatlaða nemendur við skólann en að mati rýnihóps væri hægt að taka við slíkum nemendum. Foreldri í hjólastól kemst leiðar sinnar í skólanum en það er samt ekkert merkt bílastæði fyrir fatlaða, það mætti bæta úr því.

Viðhorf og líðan:

Nemendur með sérþarfir eru virkir þátttakendur en það er þó mismunandi eftir einstaklingum. Nemendur af erlendum uppruna eru meira sér, segir í rýnihópi, við þyrftum betra móttökuprógramm því þeim fer fjölgandi.

Viðhorf innan skólans er mjög mismunandi eftir einstaklingum og fötlun og er stundum vanþekkingu um að kenna að mati rýnihópsins, fremur en að viðhorfið sé neikvætt. Sömuleiðis eru viðhorf foreldra mismunandi til þess að mál barna þeirra sé kynnt sérstaklega, en þegar það hefur verið gert hafa móttökurnar verið mjög góðar.

Upplýsingaflæði – samstarf

Sérkennarar mæta á fagfundum og nefnt er sem dæmi gott samstarf við íslensku- og stærðfræðikennarana. Samtari við umsjónarkennara er almennt mjög gott og kennarar tilbúnir að taka við ráðgjöf. Tölvupóstur er mikið notaður til að miðla upplýsingum. Fundina mætti þó nýta betur og taka afmörkuð mál fyrir.

Ráðgjöf - þjónustumiðstöð

Sérkennarar í rýnihópi telja sig hafa nægilegan aðgang að sérfræðingum og sér deildarstjóri um samskiptin, „það er mikið álag á henni að reyna að ná í ráðgjafa“. Einnig er beint sambandi til dæmis við Barna- og unglingsáæðdeild, Greiningarstöðin hefur komið með fyrirlestur í skólann og til að fylgjast með og veita ráðgjöf. Einnig segjast þeir hafa fengið mjög mikla og góða aðstoð frá Brúarskóla og frá einhverfudeild í Langholtsskóla

Kennsluráðgjafar frá þjónustumiðstöð hafa ekki verið mikið inni í námsveri en hafa fylgt eftir einstökum nemendum.

Námsráðgjöf: Í Hagaskóla er starfandi námsráðgjafi sem nemendur geta leitað til með öll þau málefni sem liggja þeim á hjarta. Námsráðgjöfin er þjónusta fyrir nemendur skólans og fer fram í trúnaði, segir á heimasíðu skólans. Nemendur geta leitað til námsráðgjafans vegna náms og líðanar og hún veitir ráðgjöf um náms- og starfsval, námstækni og vinnubrögð og persónuleg mál.

Leiklistarmeðferðarfræðingur býður upp á sjálfstyrkingarnámskeið fyrir hópa og einstaklinga.

Ráðgjafateymi (lausnateymi) er ekki við skólann.

Nemendaverndarráð skólans skipa deildarstjóri nemendabjónustu, námsráðgjafi, skólasálfræðingur og kennsluráðgjafi. Ráðið fundar reglulega og fjallar um vandamál einstakra nemenda. Auk þess sitja fundina skólastjóri, hjúkrunarfræðingur, sérkennari og félagsráðgjafi þegar efni standa. Hlutverk þess er að samræma skipulag og framkvæmd sérfræðiþjónustu við nemendur með sérþarfir (Handbók 2010-2011).

Ábendingar

- Deildarstjóri nemendapjónustu sér um stjórnun sérkennslu, hún er líka næsti yfirmaður námsráðgjafa og þroskaþjálfara.
- Á heimasíðu skólans segir undir yfirskriftinni nemendapjónusta: Margvíslegri nemendapjónustu er ætlað að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda og mæta þeim sem þurfa á aðstoð að halda um lengri eða skemmri tíma.
- Námsver í Hagaskóla er tvískipt, annars vegar fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku og hins vegar fyrir nemendur með sérþarfir og námsörðugleika. Frumkvæði að umsókn í námsver getur verið frá umsjónarkennara, skólunum og foreldrum.
- Nemendur sem þurfa stuðning í námi koma í námsver skólans og kennslan er mismunandi eftir einstaklingum.
- Einstaklingsáætlanir eru gerðar eftir námsgreinum, í stærðfræði og íslensku og einstaklingsáætlanir fyrir erlenda nemendur. Kennarar í námsveri gera einstaklingsáætlanir, foreldrar eru upplýstir um þær og kvitta fyrir þær.
- Námsverið hefur aðstöðu í tveimur skólastofum auk einnar lítillar stofu, en samt er oft erfitt að finna rými og nemendur fara á milli stofa
- Það er skortur á vinnuástöðu fyrir kennara og aðkallandi að hafa betri aðstöðu nú þegar viðvera kennara er bundin, segir einnig í rýnihópi.
- Viðhorf innan skólans er mjög mismunandi eftir einstaklingum og fötlun og er stundum vanþekkingu um að kenna að mati rýnihópsins, fremur en að viðhorfið sé neikvætt.
- Sérkennarar mæta á fagfundi og samstarf við umsjónarkennara er almennt mjög gott og kennarar tilbúnir að taka við ráðgjöf. Tölvupóstur er mikið notaður til að miðla upplýsingum.
- Sérkennarar í rýnihópi telja sig hafa nægilegan aðgang að sérfræðingum, og sér deildarstjóri um samskiptin.
- Í Hagaskóla er starfandi námsráðgjafi sem nemendur geta leitað til vegna náms og líðanar og hún veitir ráðgjöf um náms- og starfsval, námstækni og vinnubrögð og persónuleg mál.
- Ráðgjafateymi (lausnateymi) er ekki við skólann.
- Nemendaverndarráð skólans fundar reglulega og fjallar um vandamál einstakra nemenda. Hlutverk þess er að samræma skipulag og framkvæmd sérfræðipjónustu við nemendur með sérþarfir.

Skólaþróun og mat

Unnið hefur verið að nýrri stefnumótun fyrir nám og kennslu undanfarin ár og endurskoðun á námsmati, þar sem tekið er upp leiðsagnarmat með sjálfsmati nemenda og þátttöku foreldra, skilgreint hefur verið hvað felst í skólaeinkunn og opnuð verkefnabók í Mentor fyrir alla nemendur.

Kennarar skólans hafa frá hausti 2009 unnið saman í hópum að nokkrum þróunarverkefnum. Verkefnin eru: *Lesum og skiljum*, þverfagleg lestrarþjálfun sem miðar að því að efla gagnvirkan lestur í sem flestum námsgreinum. *Umhverfi Hagaskóla*; sem flest í því að kortleggja umhverfi Hagaskóla og þá staði og þau svæði sem gætu gagnast við kennslu eða uppbrot á hefðbundnu skólastarfi. *Að hlutgera niðurstöður hópavinnu*, markmiðið er að vinna úr niðurstöðum þemadags og móta áætlun eða vinnuferli um það hvernig best er að koma hugmyndum nemenda í framkvæmd. Vinnan gengur út á að virkja nemendalýðræði en

jafnfram að móta leiðir sem nota má til að koma hugmyndum á framkvæmdastig. *Frammistöðumat í þemavinnu*; Skoðaðar verði leiðir til að meta vinnu nemanda í hóp-/þemavinnu. *Bráðger börn – klár eða snögg?* Verkefnið felst í að móta stefnu um leiðir til að koma til móts við bráðgera nemendur.

Unnið hefur verið að forvarnarverkefnum s.s. verkefninu *Vinátta – virðing – jafnrétti* sem hefur það markmið að auka jákvæð samskipti milli nemenda bæði innan árganga en einnig þvert á árganga ásamt því að efla skólabraginn. Nemendur í 10. bekk sækja um að fá að vera nemendafulltrúar og þeir sem fyrir valinu verða sjá um jafningjafræðslu í 8., 9. og 10. bekk. Nemendur geta leitað til þeirra með ýmis mál og nemendafulltrúarnir hlusta og beina þeim á viðeigandi staði. Allir bekkir eignast sína vinabekki þvert á árganga sem hittast tvisvar fyrir áramót og tvisvar eftir áramót. Nemendafulltrúar sækja námskeið til þess að fræðast um sitt hlutverk og verkefni nemendafulltrúa auk þess sem þeir fá handleiðslu þeirra kennara sem halda utanum verkefnið (Handbók, s. 33). Verkefnið fékk styrk úr Forvarnarsjóði Velferðarsviðs Reykjavíkur árið 2010.

Unnin hefur verið forvarnaráætlun fyrir skólann sem byggir á forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar og einnig jafnréttisáætlun sem nær bæði til starfsmanna og nemenda. Meðal þess sem þar kemur fram er að reynt er að hafa sem jafnasta kynjaskiptingu í bekkjum og hópum.

Í úttekt á sjálfsmatsaðferðum Hagaskóla á vegum Menntamálaráðuneytisins vorið 2007 voru viðmið ráðuneytisins um sjálfsmatsaðferðir og um framkvæmd sjálfsmats uppfyllt að hluta.

Drög að sjálfsmatsskýrslu Hagaskóla fyrir skólaárið 2009-2010 liggja fyrir við matið. Ekki er gerð grein fyrir aðferðum og framkvæmd, en stefnu skólans eru gerð skil. Góð grein er gerð fyrir mati á árangri nemenda í samræmdum prófum og lestrarskimunum, kafla um námsmat er ítarlegur svo og kafla um rafræna upplýsingagjöf. Aðrir kaflar innihalda minni upplýsingar. Fram kemur að umbótaáætlun verði unnin skólaárið 2010-2011.

Umbótaáætlun liggur ekki fyrir þegar heildarmat fer fram vorið 2011.

Sérstaða skólans

Sérstaða skólans er m.a. fólgin í því að hann er safnskóli á unglingsstigi og tekur við nemendum úr Grandaskóla, Melaskóla og Vesturbæjarskóla. Lögð áhersla á að taka vel á móti nýjum nemendum. Mikilvægt er að nemandinn og foreldrar hans fái strax í upphafi jákvæða mynd af skólanum og að foreldrum og nemendum finnist þeir velkomnir í skólann (Handbók, s. 27).

Ábendingar

- Unnið hefur verið að nýrri stefnumótun fyrir nám og kennslu undanfarin ár og endurskoðun á námsmati.
- Kennarar skólans hafa frá hausti 2009 unnið saman í hópum að nokkrum þróunarverkefnum.
- Unnið hefur verið að forvarnarverkefnum s.s. verkefninu *Vinátta – virðing – jafnrétti* sem hefur það markmið að auka jákvæð samskipti milli nemenda bæði innan árganga en einnig þvert á árganga ásamt því að efla skólabraginn.

- Í úttekt á sjálfsmatsaðferðum Hagaskóla á vegum Menntamálaráðuneytisins vorið 2007 voru viðmið ráðuneytisins um sjálfsmatsaðferðir og um framkvæmd sjálfsmats uppfyllt að hluta.
- Drög að sjálfsmatsskýrslu Hagaskóla fyrir skólaárið 2009-2010 liggja fyrir við matið.
- Umbótaáætlun liggur ekki fyrir þegar heildarmat fer fram vorið 2011.

Virk upplýsingamiðlun

Skólanámskrá og námsáætlanir

Starfsáætlun og skólanámskrá Hagaskóla fyrir skólaárið 2010-2011 eru á heimasíðu skólans og er gerð grein fyrir flestum þáttum skólastarfsins sem þar eiga að vera, s.s. stefnu skólans, nemendajónustu, námsvísu o.fl. Æskilegt er að þessir þættir séu tengdir saman undir einni yfirskrift á heimasíðunni til að gera foreldrum auðveldara að glöggva sig á því hvað er í skólanámskrá og starfsáætlun (sjá meðfylgjandi gátlista um starfsáætlun, skólanámskrá og heimasíðu).

Handbók skólans 2010-2011 liggur fyrir við matið. Fram kemur að hún er gefin út á vefnum og uppfærð eftir því sem þurfa þykir. Í handbókinni er að finna skipurit, stefnu skólans, starfsáætlun nemenda, skóladagatal ásamt helstu upplýsingum um skólastarfið (sjá fylgiskjal; gátlisti um skólanámskrá).

Markmið námsgreina eru sett fram í námsvísi 2010-2011 fyrir hverja námsgrein og hvern árgang. Námskrá skólans byggir á rökstuðningi og markmiðum sem sett eru fram í aðalnámskrá grunnskóla 2007. Á heimasíðu skólans er námsvísi að finna undir: Nám og kennsla.

Kennsluáætlanir eru gerðar fyrir önnina fyrir hverja grein og hvern árgang, þær er að finna á heimasíðu undir: Nám og kennsla. Í þeim kemur fram fjöldi vikustunda í greininni og nöfn kennara sem kenna greinina í árganginum. Gerð er grein fyrir námsefni, námsmati og vinnu eða verkefnum skipt niður á tímabil (ein eða fleiri vikur).

Nemendur gera ekki eigin áætlanir um nám sitt en einstaklingsnámskrár eða aðlagðar námskrár eru gerðar fyrir þá sem þurfa sérkennslu.

Foreldrar í rýnihópi nefndu að í Mentor væri að finna góðar upplýsingar um námið og slíkt, „þar er allt námsefni og hvað á að læra“. Kennarar eru að þeirra mati duglegir að nota Mentor.

Heimasíða

Heimasíða Hagaskóla er nokkuð aðgengileg og fréttir virðast uppfærðar nokkuð reglulega. Upplýsingar fyrir foreldra um skólastarf birtast í námsvísi og kennsluáætlunum fyrir hverja námsgrein og hvern árgang og einnig eru upplýsingar um skólaráð, svo og foreldrafélagið og starfsemi þess.

Upplýsingar um skólastarf á öðrum tungumálum en íslensku finnast ekki, né upplýsingar á öðrum tungumálum en íslensku. Upplýsingar um sjálfsmat og umbótaáætlanir vantar einnig, en annars er á heimasíðunni fjallað um það sem ætlast er til að þar sé að finna (sjá fylgiskjal; gátlisti um heimasíðu).

Ábendingar

- Starfsáætlun og skólanámskrá Hagaskóla fyrir skólaárið 2010-2011 eru á heimasíðu skólans og er gerð grein fyrir flestum þáttum skólastarfsins sem þar eiga að vera.
- Handbók skólans 2010-2011 liggur fyrir við matið. Fram kemur að hún er gefin út á vefnum og uppfærð eftir því sem þurfa þykir. Í handbókinni er að finna skipurit, stefnu skólans, starfsáætlun nemenda, skóladagatal ásamt helstu upplýsingum um skólastarfið.
- Markmið námsgreina eru sett fram í námsvísi 2010-2011 fyrir hverja námsgrein og hvern árgang. Námskrá skólans byggir á rökstuðningi og markmiðum sem sett eru fram í aðalnámskrá grunnskóla.
- Kennsluáætlanir eru gerðar fyrir önnina fyrir hverja grein og hvern árgang, þær er að finna á heimasíðu undir: Nám og kennsla. Í þeim kemur fram fjöldi vikustunda í greininni og nöfn kennara sem kenna greinina í árganginum. Gerð er grein fyrir námsefni, námsmati og vinnu eða verkefnum skipt niður á tímabil.
- Foreldrar í rýnihópi nefndu að í Mentor væri að finna góðar upplýsingar um námið.
- Heimasíða Hagaskóla er nokkuð aðgengileg og fréttir virðast uppfærðar nokkuð reglulega.
- Upplýsingar um skólastarf á öðrum tungumálum en íslensku finnast ekki á heimsíðunni, né upplýsingar á öðrum tungumálum en íslensku.
- Upplýsingar um sjálfsmat og umbótaáætlanir vantar einnig, en annars er á heimasíðunni fjallað um það sem ætlast er til að þar sé að finna.

Öruggt, heilnæmt og vistvænt skólaumhverfi

Í stefnu Hagaskóla kemur fram áhersla á að nemendur finni öryggi og vellíðan í skólanum og í viðbragðsáætlun gegn einelti segir að leitast sé við að tryggja öryggi nemenda með því að umsjónarkennari veiti öðrum starfsmönnum upplýsingar um mál sem þarf að fylgjast með (Handbók, s.33).

Ekki kemur fram í gögnum skólans að sett hafi verið umhverfisstefna en í námsvísu samfélags- og náttúrufræði kemur fram að fjallað er um umhverfisvandamál og umgengni við umhverfi og náttúru (Námsvísar 2010-2011).

Öryggisþættir

Rýmingaráætlun skólans liggur fyrir ásamt leiðbeiningum til starfsmanna um viðbrögð við brunaboði. Brunaæfing er haldin á hverju hausti samkvæmt upplýsingum í gögnum skólans.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um áhættumat.

Ábendingar

- Í stefnu Hagaskóla kemur fram áhersla á að nemendur finni öryggi og vellíðan í skólanum og í viðbragðsáætlun gegn einelti segir að leitast sé við að tryggja öryggi nemenda með því að umsjónarkennari veiti öðrum starfsmönnum upplýsingar um mál sem þarf að fylgjast með.

- Ekki kemur fram í gögnum skólans að sett hafi verið umhverfisstefna en í námsvísunum samfélags- og náttúrufræði kemur fram að fjallað er um umhverfisvandamál og umgengni við umhverfi og náttúru.
- Rýmingaráætlun skólans liggur fyrir ásamt leiðbeiningum til starfsmanna um viðbrögð við brunaboði. Brunaæfing er haldin á hverju hausti samkvæmt upplýsingum í gögnum skólans.
- Ekki liggja fyrir upplýsingar um áhættumat.

Mannauður

Starfsánægja og líðan á vinnustað

Í skólanum starfa 61 starfsmaður skólaárið 2010-2011 í 56,5 stöðugildum, þar af stjórnendur í 3 stöðugildum og kennarar í 34,5 stöðugildum.

Á undanförunum árum hefur Hagaskóli komið nokkuð lakar út en aðrir grunnskólar í þeim starfsánægjukönnunum sem gerðar hafa verið á vegum Reykjavíkurborgar, en þó mun betur árið 2009 en árin á undan⁵. Þannig hækkaði meðaltal við fullyrðingunni „Á heildina lítið er ég ánægð(ur) í starfi mínu“ mikið á milli ára, fékk 3,25 árið 2008 og en 4,24 árið 2009⁶. Þá voru um 93% svarenda frekar eða mjög sammála fullyrðingunni og engin henni ósammála.

Í könnuninni 2009 voru allar fullyrðingar er snéru að viðhorfum starfsmanna gagnvart árangri og gæðum, starfsanda og stjórnun á styrkleikabili. Um 76% svarenda var frekar eða mjög sammála því að vinnustaðnum væri vel stjórnað og að sama skapi sögðust 81% svarenda bera traust til yfirmanns síns. Um 83% voru ánægð með samskiptin við næsta yfirmann. Viðhorf til upplýsingaflæðis voru jákvæðari árið 2009 en árið á undan (hækkaði úr 2,41 í 3,39 á milli ára). Einnig voru viðhorf gagnvart því hvernig starfið er metið af yfirmanni og samstarfsfólki mun jákvæðari 2009 (4,02) en 2008 (3,09).

Í rýnihópum og viðtölum kom fram að starfsmenn eru almennt ánægðir í störfum sínum í skólanum, starfsandi væri góður og samheldni einkenndi starfsmannahópin þó einnig kæmi fram að hnökror væru í samskiptum einstakra starfsmanna og ljóst að hluti starfsmannahópsins er ekki jafn ánægður með starfsanda og samstarfið á vinnustaðnum og aðrir. Við matið liggur einnig fyrir greining á niðurstöðum viðhorfakönnunar 2009 sem stjórnendur gerðu með starfsmönnum. Þar voru teknir út eftirfarandi þættir til frekari greiningar: Upplýsingaflæði, jafnrétti/jafnræði, samvinna, álag, starfsþróunarsamtal, áreitni og einelti.

Þegar starfsmenn voru spurðir að því hverja þeir sæju sem helstu styrkleika skólans var þetta nefnt:

- Góðir stjórnendur
- Góður hópur starfsmanna og góður starfsandi
- Flott námsver og sérkennsla
- Metnaður og faglegur styrkur
- Samheldni starfsfólks
- Gott félagslíf nemenda
- Góður námsárangur
- Klárir og hæfileikamiklir nemendur

Eftirtalin atriði voru talin upp sem veikleikar:

- Lélegur tækjakostur; tölvur og ljósritunarvélar
- Húsnæðið lélegt og kalt

⁵ Svarhlutfall í könnunum var 69% árið 2009 og 65,7% árið 2008.

⁶ Niðurstöðum í vinnustaðgreiningu er skipt í þrjú svæði, styrkleikabil 4.20-5.00, starfhæft bil 3.70-4.19 og aðgerðabil 1.00-3.69.

- Léleg aðstaða, t.d. bara eitt klósett fyrir kennara á kaffistofu
- Vantar meiri gæslu í frímínútur
- Erfitt að rata um skólann fyrir utanaðkomandi
- Fjarvera stjórnenda
- Slæmur aðbúnaður fyrir starfsmenn í íþróttahúsi.

Samstarf

Í viðhorfakönnun 2009 voru um 56% svarenda í Hagaskóla frekar eða mjög sammála fullyrðingunni „Samvinna er góð á mínum vinnustað“ og svipað hlutfall (54%) var einnig sammála fullyrðingunni „Starfsfólk á mínum vinnustað miðlar þekkingu sín á milli“. Þetta er lægra hlutfall (mælitala 3.5) en að meðaltali í grunnskólum borgarinnar (4.2).

Samstarf starfsfólks er formgert með ýmis konar fundum. Starfsmannafundir eru mánaðarlega með öllu starfsfólki. Kennarafundur er einu sinni í viku og greinakennarar funda vikulega undir stjórn fagstjóra sem eru starfandi fyrir kjarnafögin sex. Þróunarhópar eru starfandi, en hver hópur vinnur með ákveðið verkefni og fundar vikulega.

Það kom fram í rýnihópum að starf þróunarhópanna hefði gengið nokkuð vel og einhver verkefnanna hefðu verið á miklu flugi. Umræða um fundi var á þann veg að þeir væru almennt gagnlegir og ágætlega nýttir. Hinsvegar kom fram hjá kennurum að það vantaði tíma til að funda um nemendamál. Það kom þó fram að kennarar telja sig geta sótt stuðning hver til annars í erfiðum nemendamálum og fólk lokaðist ekki af með erfið mál. Í hópi almennra starfsmanna kom fram að starfsmannafundir væru sjaldan og þeir upplifðu ákveðna einangrun í starfinu sem birtist m.a. í því að þeir fengju ekki nægjanlegar upplýsingar um það sem væri að gerast í skólanum. Það kom fram að samskiptavandi milli einstakra starfsmanna virðist hafa verið viðvarandi um nokkurt skeið.

Í viðhorfakönnuninni 2009 voru tæp 66% svarenda sammála fullyrðingunni „Jafnrétti kynja er virt á mínum vinnustað“ og um 61% fullyrðingunni „Það er gætt jafnræðis og jafnréttis gagnvart starfsmönnum á mínum vinnustað“. Þetta var ekki sérstaklega rætt í rýnihópum nú en í greiningu er stjórnendur gerðu með starfsmönnum vegna viðhorfakönnunar 2009 kom fram að flestir væru á því að jafnræði/jafnrétti væri gott í Hagaskóla, a.m.k. meðal kennara. Þar kemur fram að ójafnræði væri ríkjandi vegna tungumáls og að sumir kennarar hefðu meira vægi en aðrir. Það kom einnig fram þar að mikilvægt væri að jafnræðis yrði gætt þegar yfirvinna dregst saman. Í rýnihópi starfsmanna kom fram að nemendur bæru ekki sömu virðingu fyrir erlendum skólaliðum og þeim íslensku.

Ábendingar

- Á undanförunum árum hefur Hagaskóli komið nokkuð lakar út en aðrir grunnskólar í starfsánægjukönnunum sem gerðar hafa verið á vegum Reykjavíkurborgar, en þó mun betur árið 2009 en árin á undan.
- Fullyrðingin „Á heildina litið er ég ánægð(ur) í starfi mínu“ mældist 3,25 árið 2008 og en 4,24 árið 2009⁷. Þá voru um 93% svarenda frekar eða mjög sammála fullyrðingunni og engin henni ósammála.

⁷ Niðurstöðum í vinnustaðagreiningu er skipt í þrjú svæði, styrkleikabil 4.20-5.00, starfhæft bil 3.70-4.19 og aðgerðabil 1.00-3.69.

- Í könnuninni 2009 voru allar fullyrðingar er snéru að viðhorfum starfsmanna gagnvart árangri og gæðum, starfsanda og stjórnun á styrkleikabili. Um 76% svarenda var frekar eða mjög sammála því að vinnustaðnum væri vel stjórnað og 81% svarenda bera traust til yfirmanns síns.
- Í rýnihópum og viðtölum kom fram að starfsmenn eru almennt ánægðir í störfum sínum í skólanum, starfsandi væri góður og samheldni einkenndi starfsmannahópinn.
- Þó kom einnig fram að hnökrar væru í samskiptum einstakra starfsmanna og hluti starfsmannahópsins er ekki jafn ánægður með starfsanda og samstarfið á vinnustaðnum og aðrir.
- Í viðhorfakönnun 2009 voru um 56% svarenda í Hagaskóla frekar eða mjög sammála fullyrðingunni „Samvinna er góð á mínum vinnustað“. Þetta er lægra hlutfall (mælitala 3.5) en að meðaltali í grunnskólum borgarinnar (4.2).
- Samstarf starfsfólks er formgert með ýmis konar fundum. Starfsmannafundir eru mánaðarlega með öllu starfsfólki, kennarafundir einu sinni í viku og greinakennarar funda vikulega undir stjórn fagstjóra. Þróunarhópar eru starfandi, en hver hópur vinnur með ákveðið verkefni og fundar vikulega.
- Umræða um fundi var á þann veg að þeir væru almennt gagnlegir og ágætlega nýttir. Hinsvegar kom fram hjá kennurum að það vantaði tíma til að funda um nemendamál.
- Í hópi almennra starfsmanna kom fram að starfsmannafundir væru sjaldan og þeir upplifðu ákveðna einangrun í starfinu sem birtist m.a. í því að þeir fengju ekki nægjanlegar upplýsingar um það sem væri að gerast í skólanum. Það kom fram að samskiptavandi milli einstakra starfsmanna virðist hafa verið viðvarandi um nokkurt skeið.

Aðbúnaður

Athugasemdir við aðbúnað snéru m.a. að aðbúnaði í íþróttahúsi, þar hefðu starfsmenn kaffiástöðu í rými þar sem einnig væru að þurrkuð föt. Einnig var talað um að tækjakostur skólans væri lélegur, prentarar og ljósritunarvélar væru lélegar. Það kom einnig fram að númer á skólastofum væru ekki í samræmi og þyrfti að endurskoða það kerfi. Loftræstingin var ekki sögð góð, ýmist væri of heitt eða of kalt.

Tölvukostur skólans er mjög lélegur að mati rýnihóps kennara og mörg verkefni sem er ekki hægt að sýna vegna skorts á tölvum eða af því að tölvurnar eru úreltar. Erfitt er að mati hópsins að nota Mentor, “við prentum út og handmerkjum við nemendur af því við getum ekki notað Mentor í tölvunum”.

Í viðhorfakönnuninni vorið 2009 voru um 81% svarenda sammála fullyrðingunni „Ég hef aðgang að gögnum og tækjum sem til þarf“ Um 68% svarenda var sammála fullyrðingunni „Vinnuaðstaða mín er góð“. Viðhorf gagnvart vinnuaðstöðu voru nokkuð neikvæðari í Hagaskóla en að meðaltali í grunnskólum borgarinnar.

Ábendingar

- Athuga hvort hægt sé að koma til móts við athugasemdir starfsmanna um aðbúnað á vinnustaðnum.

Símenntun og starfsþróun

Símenntunaráætlun fyrir yfirstandandi skólaár liggur ekki fyrir við matið en fyrir liggja upplýsingar um tilgang og markmið með vinnu þróunarhópa og skilgreining á verkefni hópstjóra.

Í viðhorfakönnun 2009 voru um 68% starfsmanna því mjög eða frekar sammála að þeir hefðu fengið tækifæri til símenntunar á undanförunum 12 mánuðum. Þá kom einnig fram í könnuninni að 63% svarenda hefðu farið í starfsþróunarsamtal á síðustu 12-15 mánuðum þar á undan, sem var mjög svipað 2008 (61%). Árið 2009 töldu 35% svarenda samtalið mjög eða frekar gagnlegt en hinsvegar tæplega fjórðungur (23%) samtalið ógagnlegt.

Þegar símenntun var rædd í rýnihópum bar þróunarhópana helst á góma. Einnig kom fram að næg tækifæri væru til símenntunar og að skólastjórnendur hvettu fólk til að nýta sér þau, kennarar sæktu t.d. Öskudagsráðstefnu og aðra símenntun sem þeir veldu sér sjálfir. Ekkert sérstakt kom fram um starfsþróunarsamtöl annað en að starfsmenn fengju undirbúningsblöð og þau væru árlega. Hinsvegar hefðu engin samtöl verið ennþá í ár.

Ábendingar

- Símenntunaráætlun fyrir yfirstandandi skólaár liggur ekki fyrir við matið en fyrir liggja upplýsingar um tilgang og markmið með vinnu þróunarhópa og skilgreining á verkefni hópstjóra.
- Í viðhorfakönnun 2009 voru um 68% starfsmanna því mjög eða frekar sammála að þeir hefðu fengið tækifæri til símenntunar á undanförunum 12 mánuðum. Þá kom einnig fram í könnuninni að 63% svarenda hefðu farið í starfsþróunarsamtal á síðustu 12-15 mánuðum.
- Í rýnihópum kom fram að næg tækifæri væru til símenntunar og skólastjórnendur hvettu kennara til að nýta sér þau.

Viðhorf starfsmanna til stjórnunar

Í vinnustaðargreiningum og viðhorfakönnunum undanfarin ár hafa viðhorf starfsmanna til stjórnunar mælst nokkuð neikvæðari í Hagaskóla en almennt í grunnskólum borgarinnar. Í viðhorfakönnuninni 2009 voru um 76% svarenda því sammála að vinnustaðnum væri vel stjórnað (gildið 3,98 sem er nálægt meðaltalsgildinu 4,02). Um 73% svarenda voru sammála því að ákvarðanir á vinnustaðnum byggðu á faglegum forsendum. Aðeins ríflega helmingur svarenda (51%) voru sammála því að upplýsingastreymi væri gott en voru þó mun jákvæðari gagnvart því 2009 en árið á undan, þegar aðeins fjórðungur svarenda var því sammála. Um 83% svarenda sögðust ánægð með samskiptin við næsta yfirmann og 71% sögðust sammála því að yfirmaður leysti þau ágreiningsmál er upp kæmu á vinnustaðnum.

Í rýnihópum og viðtölum kom fram almenn ánægja með stjórnendur, þau voru sögð vinna sem gott teymi, væru aðgengileg og sýnileg í skólastarfinu. Það kom fram að aðstoðarskólastjóri tæki mjög mikinn þátt í skólastarfinu, væri „alltaf á röltinu“ en skólastjóri væri minna við vegna anna en tæki annars mikinn þátt, t.d. með því að skammta í mötuneyti. Mikil ánægja er með þá upplýsingapósta sem berast frá aðstoðarskólastjóra í upphafi viku en í hópi almennra starfsmanna kom fram að töluvert þykir skorta á upplýsingagjöf til þeirra um hvað væri að gerast í skólanum, s.s. varðandi ýmsar viðburði og uppákomur nemenda sem skrifstofan fengi ekki upplýsingar um.

Ábendingar

- Í viðhorfakönnun 2009 voru um 76% svarenda í Hagaskóla því sammála að vinnustaðnum væri vel stjórnað (gildið 3,98 sem er nálægt meðaltalsgildinu 4,02).
- Um 73% svarenda voru sammála því að ákvarðanir á vinnustaðnum byggðu á faglegum forsendum en aðeins ríflega helmingur svarenda (51%) voru sammála því að upplýsingastreymi væri gott en voru þó mun jákvæðari gagnvart því 2009 en árið á undan.
- Í rýnihópum og viðtölum kom fram almenn ánægja með stjórnendum, þau voru sögð vinna sem gott teymi, væru aðgengileg og sýnileg í skólalastarfinu.
- Mikil ánægja er með þá upplýsingapósta sem berast frá aðstoðarskólalastjóra í upphafi viku en í hópi almennra starfsmanna kom fram að töluvert þykir skorta á upplýsingagjöf til þeirra um hvað væri að gerast í skólanum.

Viðvera starfsmanna

Farið var yfir forföll kennara á haustönn 2010. Þar sem fjarvera var skráð ýmist sem stundir (kennslustundir) eða dagar var farin sú leið að reikna fjarveru í 1 dag sem 5.4 kennslustundir.⁸ Að meðaltali voru kennarar fjarverandi í um 27,7 kennslustundir á önninni⁹, undir fjarveru falla veikindi og leyfi vegna símenntunar eða af persónulegum ástæðum. Þetta þýðir að kennarar hafa að meðaltali verið fjarverandi um 5 kennsludaga á vorönn 2010.¹⁰

Langtímafjarvera vegna veikinda eða leyfa er ekki meðtalin.

Ábendingar

- Kennarar voru að meðaltali fjarverandi um 5 kennsludaga á haustönn 2010.
- Meðaltalsfjarvera kennara er undir heildarmeðaltali þeirra skóla sem verið hafa í heildarmati.

⁸ Kennsluskyldu, 27 stundir á viku, er deilt á 5 daga.

⁹ Vetrarorlof, langtímaveikindi og barnsburðarleyfi eru þá ekki með talin.

¹⁰ Meðaltalsfjarvera kennara í þeim skólum þar sem heildarmat hefur farið fram er tæpir 6 dagar á önn.

Fjármál

Úthlutun fjármagns og rekstraráætlun

Í stefnukorti Menntasviðs fyrir 2010 er markmiðið í víddinni fjármál: Góð og hagkvæm nýting og stýring fjármála.

Grunnskólar Reykjavíkur fá úthlutað fjármagni til reksturs samkvæmt reiknilíkani Menntasviðs þar sem helstu viðmið eru nemendafjöldi og stærð húsnæðis.

Skólum er gert að skila rekstraráætlun til fjármálaþjónustu Menntasviðs þar sem fram kemur hvernig þeim fjármunum sem skólinn fær til reksturs hvert fjárhagsár verður ráðstafað. Menntasvið yfirfer rekstraráætlun og metur hvort hún er innan fjárheimilda. Hagaskóli skilaði rekstraráætlun fyrir árið 2010 á tilsettum tíma og var hún innan fjárheimilda skólans.

Fjárhagsleg staða skólans

Heildarfjárheimildir Hagaskóla fyrir árið 2008 voru að upphæð 442.160 þús. kr., þar með er talin úthlutun til sérkennslu og kennslu nýbúa. Útgjöld ársins námu 447.230 þús. kr.

Heildarfjárheimildir Hagaskóla fyrir árið 2009 voru að upphæð 450.409 þús. kr., þar með er talin úthlutun til sérkennslu og kennslu nýbúa. Útgjöld ársins námu 451.644 þús. kr.

Ábendingar

- Hagaskóli skilaði rekstraráætlun fyrir árið 2010 á tilsettum tíma og var hún innan fjárheimilda skólans.
- Gæta þarf að góðri og hagkvæmri nýtingu og stýringu fjármála.

Greining

Styrkleikar:

Árangur samræmdum prófum og Pisa er í öllum greinum meðal þess sem best gerist í grunnskólum. Ánægja foreldra með skólann er mikil og meiri nú en áður. Fjölbreytt val og öflugt félagslíf er styrkur. Starfsandi er góður og starfsmenn almennt ánægðir í starfi

Veikleikar:

Sjálfsmat nær ekki til allra þátta skólastarfs, umbótaáætlun liggur ekki fyrir né símenntunaráætlun starfsmanna. Skýra þarf viðbrögð við agabrotum. Aðstaða fyrir starfsmenn í íþróttahúsi þarfnast úrbóta.

Ögranir:

Tækjakostur þarfnast endurnýjunar að hluta. Kennarar eru ekki allir samstíga í að fylgja eftir reglum og breytingum í skólastarfi.

Tækifæri

Sóknarfæri felst í því að efla enn frekar árangur í námi með fjölbreyttari námsleiðum og kennsluháttum. Efla þarf samstarf um nám og kennslu og upplýsingamiðlun til starfsmanna. Auka þarf markvisst samstarf við foreldra og þátttöku þeirra í skólastarfi.

Samantekt ábendinga

Skólastarf

Námsárangur

- Meðaltalsárangur nemenda í 10. bekk á samræmdum könnunarprófum haustið 2010 er yfir landsmeðaltali og meðaltali borgarinnar í íslensku, stærðfræði og ensku og er með því hæsta sem gerist í grunnskólum landsins.
- Í PISA 2009 var Hagaskóli er sjötti í röðinni af 25 grunnskólum borgarinnar í árangri í lesskilningi og í stærðfræði og annar í náttúrufræði. Þátttaka nemenda í rannsókninni var í lægri kantinum, 67% 15 ára nemenda í skólanum tóku þátt.

Stjórnun

- Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri ásamt deildarstjóra nemendabjónustu og tveimur verkefnastjórum í hálfu starfi mynda stjórnunarteymi skólans.
- Skólastjórar funda reglulega annars vegar með verkefnastjórum og hins vegar með deildarstjóra nemendabjónustu og námsráðgjafa. Einu sinni í viku hitta stjórnendur einnig umsjónarmann fasteigna sem er næsti yfirmaður skólaliða og matráð sem er yfirmaður starfsmanna mótuneytis á samráðsfundum.
- Fagstjórar eru í kjarnagreininum sex, þeir funda reglulega með sínum faghópi.
- Skólastjóri leggur áherslu á að skólinn sé skóli fyrir alla og síðan hún kom til starfa hefur hún lagt áherslu á breytingar, m.a. aukna sérkennslu og blandaða bekk í stað ferðakerfis. Hún leggur einnig áherslu á að virðing sé grunngildi í öllum samskiptum í skólasamfélaginu
- Skipurit skólans liggur fyrir við matið, svo og starfslýsingar fyrir stjórnendur og starfsmenn skólans.
- Verkefni verkefnastjóra skiptast þannig að annar vinnur með kennurum að þróunarverkefnum m.a. í námsmati og notkun á Mentor, en hinn sér um Olweusarverkefni gegn einelti ásamt námsráðgjafa og einnig verkefni sem tengjast

samskiptum nemenda og nemendalýðræði, þar á meðal þróunarverkefnið *Vinátta, virðing, jafnrétti*.

- Starfsmenn í rýnihópum segja aðgengi að skólastjórnendum almennt gott, sérstaklega aðstoðarskólastjóra „hann er út um allt og alls staðar“, en skólastjóri er meira í burtu vegna funda.
- Í spurningu um stjórnun skólans í foreldrakönnun veturinn 2010 sögðust 81% svarenda vera ánægð með stjórnunina, þar af segjast 34% vera *mjög ánægð*.
- Starfsmannafundir eru mánaðarlega og kennarafundir iðulega hinar vikurnar eða þrjár í mánuði. Fagfundir eru í flestum tilvikum einusinni í viku og svo teymisfundir þar sem fram fer „allskonar þróunarvinna“.
- Skóladaður nemenda í bekk hefst með kennslu kl. 8:30. Skóladaður hefst þó og lýkur á mismunandi tíma eftir valgreinum. Kennsla í kjarnagreinum virðist almennt lokið 14:55 og sundtímar raðast í lok dags og getur þá skóladaðurinn teygst til kl. 16:30.
- Í stefnu skólans er fjallað um samstarf heimila og skóla og við grenndarsamfélagið. Þar segir:m.a.: Reglulegt samráð og samvinna sé við þá aðila sem koma að starfi unglinga í skólaumhverfinu.
- Hagaskóli er viðtökuskóli fyrir nemendur úr grunnskólum í Vesturbæ. Að vori áður en nemendur hefja nám í 8. bekk í Hagaskóla er þeim boðið í heimsókn í skólann ásamt kennurum aðkomuskólanna.
- Samstarf er við félagsmiðstöðina Frosta sem býður börnum og unglingum í Vesturbæ upp á fjölbreytt félags- og tómsundastarf.
- Skólaþing Hagaskóla var haldið vorið 2010 með þátttöku foreldra, nemenda, starfsmanna og frá grenndarsamfélaginu.

Stefna og starfsáætlun

- Starfsáætlun Hagaskóla fyrir skólaárið 2010-2011 var yfirfarin á grunnskólaskrifstofu Menntasviðs haustið 2010 og telst hún samkvæmt því mati uppfylla að flestu leyti þær kröfur sem Menntasvið gerir um starfsáætlanir grunnskóla Reykjavíkur
- Stefna Hagaskóla er birt í handbók skólans og á heimasíðu, þar segir m.a.:
 - Í Hagaskóla afli nemendur sér þekkingar og leikni og temji sér vinnubrögð sem stuðla að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska
 - Skólastarfið leggi grunn að sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfni hæfni þeirra til samstarfs við aðra
 - Skólabragurinn stuðli að því að nemendur tileinki sér gott siðgæði, sýni virðingu og vinnusemi.

Nemendur og líðan

- Í könnun Skólaláttamálsins sem lögð var fyrir úrtak nemenda úr 8.-10. bekk Hagaskóla í febrúar 2011 er ánægja af lestri og áhugi á stærðfræði meiri en í fyrri könnunum og yfir meðallagi sambærilegra skóla.
- Spurningar er varða líðan nemenda; stjórn á eigin lífi, kvíða og vanlíðan koma svipað út og landsmeðaltal og spurning um einelti aðeins betur.
- Mestu jákvæðar breytingar frá síðustu mælingu skólans eru í spurningunni: ánægja af lestri (+0.78) og agi í tímum (+0.52), hvorttveggja marktækt yfir landsmeðaltali. Helstu neikvæðu breytingar milli mælinga eru í spurningum um kvíða (+0.73) og einelti (+0.75).
- Foreldrar barna í Hagaskóla mátu líðan barna sinna í skólanum upp á skorið 4,2 í foreldrakönnun 2010. Meðaltalið í borginni allri var 4,1.
- Í skólanum er unnið eftir kerfi Olweusar gegn einelti. Samkvæmt könnun sem lögð var fyrir í nóvember 2009 svara 3.4% nemenda því játandi að þau hafi orðið fyrir einelti. Dreigið hefur úr einelti miðað við mælingar sl. tveggja ára.

- Í Skólapúlsinum eru nemendur spurðir um einelti út frá atvikum á undanförunum 30 dögum. Niðurstaðan í bendir til þess að einelti sé heldur minna í Hagaskóla en í sambærilegum skólum og minna hjá stelpum en strákuum.
- Af þeim foreldrum í Hagaskóla er svöruðu spurningu í foreldrakönnun 2010 um hvort barn þeirra hefði verið lagt í einelti í skólanum, segja 28%, svo vera. Meðaltalið fyrir skólana alla er 27%. Niðurstaðan í skólanum varðandi viðbrögðin er eilítið lakari en niðurstaðan í borginni.
- Nemendur í rýnihópum tala um að þeim líði vel í skólanum og þau halda að öðrum líði líka almennt vel, þó vita þau um krakka sem eru einmana og líður illa.
- Krökkunum líður almennt vel í bekknum sínum. Nemendur úr 8. bekk segjast ekki fara að spjalla við krakka úr 10. bekk og telja það bjóða hættunni heim.
- Nemendum liggur misjafnt orð til kennara sinna, sumir eru „ágætir“ eða „fínir“ en aðrir „daufir“ eða „ömurlegir“. Almennt kunna kennarar það sem þeir eru að kenna að mati nemenda í rýnihópi „vita það sem er í bókinni“.

Stjórn nemendafélags

- Stjórn nemendafélags Hagaskóla er skipuð níu fulltrúum og þremur varafulltrúum.
- Starfsmenn félagsmiðstöðvarinnar Frosta hafa umsjón með starfi stjórnarinnar en félagsgreinakennarar koma lítið að starfinu.
- Fulltrúar í stjórn nemendafélagsins eru ánægðir með félagslífið og segja þátttöku almennt vera góða.
- Skipulag fundar sem starfsmenn heildarmats sátu þótti frekar óformlegt og óskýrt að hvaða niðurstöðu var komist varðandi þá viðburði sem voru til umræðu. Nemendur 8. bekkjar voru ekki virkir þátttakendur í umræðu.
- Litlar upplýsingar er að finna á heimasíðu skólans um störf stjórnar nemendafélags.
- Athygli er vakin á því að samkvæmt grunnskólalögum skal nemendafélagið setja sér reglur um kjör fulltrúa nemenda í skólaráð.
- Haldin er árs hátíð, nemendur taka þátt í Skrekk, Skólahreysti, Máli sem er ræðukeppni grunnskóla, Nema-hvað spurningakeppni grunnskóla og árlega er sett upp vegleg leiksýning nemenda skólans.
- Verkefnið Gott mál í Hagaskóla felst í því að undirbúa fjáröflun með góðgerðarskemmtun í skólanum. Nemendafulltrúar og stjórn nemendafélagsins hafa leitt verkefnið en nemendur allra bekkja leggja fram krafta sína í fjáröflun og skemmtun þennan dag.

Reglur og agi

- Skólareglur eru birtar í handbók skólans fyrir skólaárið 2010-2011 og þær eru kynntar á kynningarfundum fyrir foreldra að hausti.
- Skólareglur eru skýrar og einfaldar og reglur um mætingu sömuleiðis. Nemendur fá punkta sem hafa áhrif á mætingareinkunn. Viðbrögð við agabrotum eru einnig birt.
- Skólareglur og viðurlög uppfylla að mestu kröfur um skólareglur eins og þær birtast í grunnskólalögum nr.91/2008 (sjá fylgiskjal: gátlisti um skólareglur).
- Fram kemur í rýnihópum kennara að nemendur þekki skólareglur og fari almennt eftir þeim þó þær séu ekki endilega sýnilegar í öllum stofum. Viðbrögð við agabrotum séu þannig að tekið er á hverju máli fyrir sig.
- Bæði í rýnihópum kennara og starfsmanna kemur fram að almennt sé hegðun nemenda góð og aðeins lítið brot hópsins sem eiga í vanda með hegðun.
- Nemendur í rýnihópum segjast þekkja skólareglur, þær eru kynntar í 8. bekk og eru uppi við í sumum stofum. Þau segja jafnframt að ekki sé farið eftir þeim og þeim misjafnlega fylgt eftir, stöku kennari er með sérreglur að þeirra sögn.

- Kennarar hrósa ef krakkar vinna vel, segja nemendur í rýnihópi, en það mætti alveg vera meira. Hjá nemendum kemur fram að vinnufriður sé ekki alltaf góður, „fer eftir kennurum“.
- Í kennslustundum sem heimsóttar voru mátti almennt sjá styrka stjórn kennara og góðan vinnufrið (sjá fylgiskjal; vettvangsathuganir).
- Í foreldrakönnun 2010 kom fram að um 86% svarenda í Hagaskóla fannst aginn hæfilegur sem er aðeins yfir meðaltali í borginni allri (tæp 83%).
- Fjarvera nemenda vegna veikinda, leyfa eða fjarvista eru ívið hærri en að meðaltali í þeim skólum sem heildarmat hefur farið fram.

Viðhorf foreldra og þátttaka í skólastarfi

- Í skólustefnu Hagaskóla er lögð áhersla á gagnkvæma og virka upplýsingamiðlun milli heimila og skóla. Það er umsjónarkennari sem gegnir lykilhlutverki í því að fylgjast með námi nemenda.
- Helstu niðurstöður í foreldrakönnun 2010 eru þær að 90% foreldranna segjast vera ánægð með skólann, þar af segjast 34% vera mjög ánægð. Meðaltalsánægja foreldra er 4.2 (af 5) í Hagaskóla sem er jafnt meðaltali í borginni allri (4.1).
- Foreldrar í rýnihópi eru ánægðir með skólann „það er allt til fyrirmyndar hér“, fagkennarar góðir og mikið og gott val. Þó telja þeir að bæta megi stefnu í samstarfi við foreldra, kennarar eru margir sem koma að hverjum nemanda þannig að foreldrar þurfa að tala við marga ef eitthvað er
- Í spurningu í foreldrakönnun um stjórnun skólans sögðust 81% vera ánægð með stjórnunina, þar af segjast 34% vera mjög ánægð. Ánægja foreldra í Hagaskóla með stjórnunina var 4,1 sem er jafnt meðaltali í borginni (4,0).
- Ánægja foreldra með umsjónarkennara barnanna er frekar mikil í skólanum fyrir árið 2010, eins og reyndar í borginni allri.
- Um 86% svarenda fannst aginn í skólanum *hæfilegur*, 78% fannst námslegar kröfur sem gerðar voru til barna þeirra *hæfilegar* og 75% fannst hið sama um magn heimavinnunnar. Hærra hlutfall foreldra í Reykjavík allri fannst námslegu kröfurnar og magn heimavinnunnar *hæfilegt* en lægra hlutfall þegar kom að aganum.
- Í heildina kemur skólinn frekar vel út í foreldrakönnuninni fyrir árið 2010. Ánægja er yfir meðaltali borgarinnar í spurningum um ánægju með skólann almennt og stjórnun skólans og yfir meðaltali hvað varðar líðan nemenda aga, námslegar kröfur.
- Styrkur skólans að mati rýnihóps foreldra er stærð skólans, þau eru ánægð með að „krakkar fá að vera þau sjálf“, þeim er treyst og þau bera ábyrgð á sínu námi. Gott faglegt starf er einnig styrkur skólans að þeirra mati og stöðugleiki í kennarahópnum.
- Skólaráð fundar reglulega einu sinni í mánuði, það starfar skv. lögum og reglugerð, fundargerðir eru skrifaðar eftir fundi og senda foreldrafélagi en ekki settar á heimasíðu.
- Foreldrafélag er starfandi við skólann, en það hefur verið misjafnlega virkt eftir tímabilum. Fundargerðir stjórnar hafa verið settar á heimasíðu skólans, sú nýjasta frá nóv. 2010.
- Foreldrafélagið sér um foreldrarölt í hverfinu, spilakvöld, ferðalag 10. bekkinga að vori og fleiri viðburði.

Upplýsingamiðlun og samskipti

- Foreldrar í rýnihópi eru ánægðir með upplýsingar um skólastarfið inni á Mentor. Þar eru upplýsingar um námið, um námsefnið og hvað á að læra.
- Í foreldrakönnun 2010 sögðust um 84% foreldra barna í skólanum vera ánægð með upplýsingaflæði frá skólanum, þar af voru um 25% mjög ánægð.

- Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári, kynningarfundur að hausti og bekkjarkvöld einu sinni til tvisvar á ári. Auk þess er opið hús fyrir foreldra einu sinni á ári.
- Fyrir foreldradaga fylla kennarar út eyðublað um námsframmistöðu í Mentor og nemandi ásamt foreldrum leggur mat á eigið skipulag, hegðun og heimanám, skráir styrkleika sína og veikleika í námi og setur sér markmið fram að næsta foreldrafundi.
- Það er mat kennaranna að samskipti við foreldra séu almennt góð og meiri nú en áður. Mestöll samskipti við foreldra fara í gegnum umsjónarkennara og tekur hann við upplýsingum frá öðrum kennurum.

Verklag

Fjölbreyttar leiðir í námi

- Í skólafund Hagaskóla segir um kennsluhætti og námsmat: Lögð sé áhersla á að hver nemandi njóti alhliða menntunar við sitt hæfi og fái hvatningu til náms í samræmi við þroska sinn og áhuga. Lögð sé áhersla á að þróa fjölbreytta kennsluhætti og námsmat. Mótun sé stefna sem miði að því að námsframvinda hvers nemanda sé í samræmi við getu hans og þroska.
- Í námsvísun árganga og greina haustið 2010 kemur fram að lögð sé áhersla á að nemendur vinni á fjölbreyttan hátt bæði sjálfstætt og í hópum.
- Í kennsluáætlunum er ekki fjallað um kennsluhætti eða leiðir í námi, undantekning er áætlun í lífsleikni.
- Í vettvangsathugunum var algengast að nemendur væru að vinna að verkefnum undir stjórn kennara allir að sama eða hliðstæðu verkefni eða í um 35% þeirra stunda sem heimsóttar voru. Þar til viðbótar var merkt við innlögn og umræður í um 33% stundanna og yfirferð á heimavinnu í 5 tilvikum. Í list- og verkgreinum voru helstu kennsluhættir verklegt, sköpun og tjáning.
- Að sögn kennara í rýnihópi er kennslan í skólanum frekar hefðbundin og „við erum föst í okkar fari“, en kennsluhættir eru þó ólíkir eftir námsgreinum.
- Sóknarfæri er fyrir skólann að gera kennsluna enn betri með fjölbreyttum og krefjandi verkefnum nemenda
- Skólafundur var metið út frá matstæki um einstaklingsmiðað nám og er skólinn í flestum þáttum kominn nokkuð áleiðis í átt til einstaklingsmiðaðs náms, heildarútkoma er 2.5 stig á kvarðanum 1-5. Lengst er skólinn kominn í viðhorfastoðinni og foreldrastoðinni.
- Ekki kemur fram að nemendur geri sjálfir áætlanir um nám sitt en einstaklingsáætlanir eru gerðar fyrir þá sem eru í sérkennslu.
- Nemendur eru í blönduðum bekkjum í kjarna námsins og í öllum bóklegum greinum er bekkurinn saman í tímum.
- Í vettvangsathugunum sást markviss samvinna helst í listgreinum en einnig sáust merki um afrakstur þemaverkefna í stofum og göngum skólans.
- Flestar kennslustundir sem heimsóttar voru teljast góðar eða 70% og 3% til viðbótar frábærar, nemendur eru almennt virkir og fara að fyrirmælum og bekkjarstjórnun kennara almennt örugg. 24% kennslustundanna teljast viðunandi, og 3% kennslustunda sem heimsóttar voru teljast óviðunandi.
- List- og verkgreinar eru kenndar hálfan veturinn í 8. bekk, en sem valgreinar í 9.-10. bekk. Í 8. bekk eru kenndar myndmennt, heimilisfræði, upplýsingamennt, leiklist, tónmennt, textílmennnt, hönnun/smíði.
- Fjölbreyttar list- og verkgreinar eru í vali fyrir nemendur í 9. og 10. bekk eða um helmingur þeirra valgreina sem í boði eru.

- Boðið er upp á fjölbreyttar valgreinar í 9.-10. bekk eða alls 38 valkostir sem boðið er upp á. Kennt er í um 40 hópum í hvorum árgangi í um 20 ólíkum greinum skólaárið 2010-2011. Hver nemendi velur í 8 vikustundir eða fjórar greinar að jafnaði.
- Skólasafnið virðist nokkuð vel búið gögnum. Á safninu er haldið utan um bekkjarsett til útlána, s.s. lestrarbækur í dönsku og íslensku sem eru á lánaðar á nafn.
- Unnið hefur verið að endurskoðun á námsmati sl. tvö skólaár. Skólaeinkunnir byggja á vinnueinkunnum og prófseinkunnum í þeim greinum sem lokið er með prófum. Vinnueinkunn er gefin allan veturinn en í henni gildir mat á vinnu og færni að lágmarki 40% en metin verkefnavinna og skyndipróf gilda í mesta lagi 60%.
- Fyrir foreldradaga fylla kennarar út eyðublað um námsframmistöðu í Mentor og nemandi ásamt foreldrum leggur mat á eigið skipulag, hegðun og heimanám, skráir styrkleika sína og veikleika í námi og setur sér markmið fram að næsta foreldrafundi.

Sérkennsla

- Deildarstjóri nemendabjónustu sér um stjórnun sérkennslu, hún er líka næsti yfirmaður námsráðgjafa og þroskaþjálfara.
- Á heimasíðu skólans segir undir yfirskriftinni nemendabjónusta: Margvíslegri nemendabjónustu er ætlað að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda og mæta þeim sem þurfa á aðstoð að halda um lengri eða skemmri tíma.
- Námsver í Hagaskóla er tvískipt, annars vegar fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku og hins vegar fyrir nemendur með sérþarfir og námsörðugleika. Frumkvæði að umsókn í námsver getur verið frá umsjónarkennara, skólunum og foreldrum.
- Nemendur sem þurfa stuðning í námi koma í námsver skólans og kennslan er mismunandi eftir einstaklingum.
- Einstaklingsáætlanir eru gerðar eftir námsgreinum, í stærðfræði og íslensku og einstaklingsáætlanir fyrir erlenda nemendur. Kennarar í námsveri gera einstaklingsáætlanir, foreldrar eru upplýstir um þær og kvitta fyrir þær.
- Námsverið hefur aðstöðu í tveimur skólastofum auk einnar líttillar stofu, en samt er oft erfitt að finna rými og nemendur fara á milli stofa
- Það er skortur á vinnuástöðu fyrir kennara og aðkallandi að hafa betri aðstöðu nú þegar viðvera kennara er bundin, segir einnig í rýnihópi.
- Viðhorf innan skólans er mjög mismunandi eftir einstaklingum og fötlun og er stundum vanþekkingu um að kenna að mati rýnihópsins, fremur en að viðhorfið sé neikvætt.
- Sérkennarar mæta á fagfundi og samstarf við umsjónarkennara er almennt mjög gott og kennarar tilbúnir að taka við ráðgjöf. Tölvupóstur er mikið notaður til að miðla upplýsingum.
- Sérkennarar í rýnihópi telja sig hafa nægilegan aðgang að sérfræðingum, og sér deildarstjóri um samskiptin.
- Í Hagaskóla er starfandi námsráðgjafi sem nemendur geta leitað til vegna náms og líðanar og hún veitir ráðgjöf um náms- og starfsval, námstækni og vinnubrögð og persónuleg mál.
- Ráðgjafateymi (lausnateymi) er ekki við skólann.
- Nemendaverndarráð skólans fundar reglulega og fjallar um vandamál einstakra nemenda. Hlutverk þess er að samræma skipulag og framkvæmd sérfræðibjónustu við nemendur með sérþarfir.

Skólaþróun, mat og upplýsingamiðlun

- Unnið hefur verið að nýrri stefnumótun fyrir nám og kennslu undanfarin ár og endurskoðun á námsmati.
- Kennarar skólans hafa frá hausti 2009 unnið saman í hópum að nokkrum þróunarverkefnum.
- Unnið hefur verið að forvarnarverkefnum s.s. verkefninu *Vinátta – virðing – jafnrétti* sem hefur það markmið að auka jákvæð samskipti milli nemenda bæði innan árganga en einnig þvert á árganga ásamt því að efla skólabraginn.
- Í úttekt á sjálfsmatsaðferðum Hagaskóla á vegum Menntamálaráðuneytisins vorið 2007 voru viðmið ráðuneytisins um sjálfsmatsaðferðir og um framkvæmd sjálfsmats uppfyllt að hluta.
- Drög að sjálfsmatsskýrslu Hagaskóla fyrir skólaárið 2009-2010 liggja fyrir við matið.
- Umbótaáætlun liggur ekki fyrir þegar heildarmat fer fram vorið 2011.
- Starfsáætlun og skólanámskrá Hagaskóla fyrir skólaárið 2010-2011 eru á heimasíðu skólans og er gerð grein fyrir flestum þáttum skólastarfsins sem þar eiga að vera.
- Handbók skólans 2010-2011 liggur fyrir við matið. Fram kemur að hún er gefin út á vefnum og uppfærð eftir því sem þurfa þykir. Í handbókinni er að finna skipurit, stefnu skólans, starfsáætlun nemenda, skóladagatal ásamt helstu upplýsingum um skólastarfið.
- Markmið námsgreina eru sett fram í námsvísi 2010-2011 fyrir hverja námsgrein og hvern árgang. Námskrá skólans byggir á rökstuðningi og markmiðum sem sett eru fram í aðalnámskrá grunnskóla.
- Kennsluáætlanir eru gerðar fyrir önnina fyrir hverja grein og hvern árgang, þær er að finna á heimasíðu undir: Nám og kennsla. Í þeim kemur fram fjöldi vikustunda í greininni og nöfn kennara sem kenna greinina í árganginum. Gerð er grein fyrir námsefni, námsmati og vinnu eða verkefnum skipt niður á tímabil.
- Foreldrar í rýnihópi nefndu að í Mentor væri að finna góðar upplýsingar um námið.
- Heimasíða Hagaskóla er nokkuð aðgengileg og fréttir virðast uppfærðar nokkuð reglulega.
- Upplýsingar um skólastarf á öðrum tungumálum en íslensku finnast ekki á heimsíðunni, né upplýsingar á öðrum tungumálum en íslensku.
- Upplýsingar um sjálfsmat og umbótaáætlanir vantar einnig, en annars er á heimasíðunni fjallað um það sem ætlast er til að þar sé að finna.

Öruggt, heilnæmt og vistvænt skólaumhverfi

- Í stefnu Hagaskóla kemur fram áhersla á að nemendur finni öryggi og vellíðan í skólanum og í viðbragðsáætlun gegn einelti segir að leitast sé við að tryggja öryggi nemenda með því að umsjónarkennari veiti öðrum starfsmönnum upplýsingar um mál sem þarf að fylgjast með.
- Ekki kemur fram í gögnum skólans að sett hafi verið umhverfisstefna en í námsvísu samfélags- og náttúrufræði kemur fram að fjallað er um umhverfisvandamál og umgengni við umhverfi og náttúru.
- Rýmingaráætlun skólans liggur fyrir ásamt leiðbeiningum til starfsmanna um viðbrögð við brunaboði. Brunaeving er haldin á hverju hausti samkvæmt upplýsingum í gögnum skólans.
- Ekki liggja fyrir upplýsingar um áhættumat.

Mannauður

Starfsánægja og líðan starfsmanna

- Á undanförnum árum hefur Hagaskóli komið nokkuð lakar út en aðrir grunnskólar í starfsánægjukönnunum sem gerðar hafa verið á vegum Reykjavíkurborgar, en þó mun betur árið 2009 en árin á undan.
- Fullyrðingin „Á heildina litið er ég ánægð(ur) í starfi mínu“ mældist 3,25 árið 2008 og en 4,24 árið 2009¹¹. Þá voru um 93% svarenda frekar eða mjög sammála fullyrðingunni og engin henni ósammála.
- Í könnuninni 2009 voru allar fullyrðingar er snéru að viðhorfum starfsmanna gagnvart árangri og gæðum, starfsanda og stjórnun á styrkleikabili. Um 76% svarenda var frekar eða mjög sammála því að vinnustaðnum væri vel stjórnað og 81% svarenda bera traust til yfirmanns síns.
- Í rýnihópum og viðtölum kom fram að starfsmenn eru almennt ánægðir í störfum sínum í skólanum, starfsandi væri góður og samheldni einkenndi starfsmannahópin.
- Þó kom einnig fram að hnökrar væru í samskiptum einstakra starfsmanna og hluti starfsmannahópsins er ekki jafn ánægður með starfsanda og samstarfið á vinnustaðnum og aðrir.
- Í viðhorfakönnun 2009 voru um 56% svarenda í Hagaskóla frekar eða mjög sammála fullyrðingunni „Samvinna er góð á mínum vinnustað“. Þetta er lægra hlutfall (mælitala 3.5) en að meðaltali í grunnskólum borgarinnar (4.2).
- Samstarf starfsfólks er formgert með ýmis konar fundum. Starfsmannafundir eru mánaðarlega með öllu starfsfólki, kennarafundir einu sinni í viku og greinakennarar funda vikulega undir stjórn fagstjóra. Þróunarhópar eru starfandi, en hver hópur vinnur með ákveðið verkefni og fundar vikulega.
- Umræða um fundi var á þann veg að þeir væru almennt gagnlegir og ágætlega nýttir. Hinsvegar kom fram hjá kennurum að það vantaði tíma til að funda um nemendamál.
- Í hópi almennra starfsmanna kom fram að starfsmannafundir væru sjaldan og þeir upplifðu ákveðna einangrun í starfinu sem birtist m.a. í því að þeir fengju ekki nægjanlegar upplýsingar um það sem væri að gerast í skólanum. Það kom fram að samskiptavandi milli einstakra starfsmanna virðist hafa verið viðvarandi um nokkurt skeið.
- Athuga hvort hægt sé að koma til móts við athugasemdir starfsmanna um aðbúnað á vinnustaðnum.

Símenntun og starfsþróun

- Símenntunaráætlun fyrir yfirstandandi skólaár liggur ekki fyrir við matið en fyrir liggja upplýsingar um tilgang og markmið með vinnu þróunarhópa og skilgreining á verkefni hópstjóra.
- Í viðhorfakönnun 2009 voru um 68% starfsmanna því mjög eða frekar sammála að þeir hefðu fengið tækifæri til símenntunar á undanförunum 12 mánuðum. Þá kom einnig fram í könnuninni að 63% svarenda hefðu farið í starfsþróunarsamtal á síðustu 12-15 mánuðum.
- Í rýnihópum kom fram að næg tækifæri væru til símenntunar og skólastjórnendur hvettu kennara til að nýta sér þau.

Viðhorf starfsmanna til stjórnunar

- Í viðhorfakönnun 2009 voru um 76% svarenda í Hagaskóla því sammála að vinnustaðnum væri vel stjórnað (gildið 3,98 sem er nálægt meðaltalsgildinu 4,02).

¹¹ Niðurstöðum í vinnustaðgreiningu er skipt í þrjú svæði, styrkleikabil 4.20-5.00, starfhæft bil 3.70-4.19 og aðgerðabil 1.00-3.69.

- Um 73% svarenda voru sammála því að ákvarðanir á vinnustaðnum byggðu á faglegum forsendum en aðeins ríflega helmingur svarenda (51%) voru sammála því að upplýsingastreymi væri gott en voru þó mun jákvæðari gagnvart því 2009 en árið á undan.
- Í rýnihópum og viðtölum kom fram almenn ánægja með stjórnendum, þau voru sögð vinna sem gott teymi, væru aðgengileg og sýnileg í skólastarfinu.
- Mikil ánægja er með þá upplýsingapósta sem berast frá aðstoðarskólastjóra í upphafi viku en í hópi almennra starfsmanna kom fram að töluvert þykir skorta á upplýsingagjöf til þeirra um hvað væri að gerast í skólanum.

Viðvera starfsmanna

- Kennarar voru að meðaltali fjarverandi um 5 kennsludaga á haustönn 2010.
- Meðaltalsfjarvera kennara er undir heildarmeðaltali þeirra skóla sem verið hafa í heildarmati.

Fjármál

- Hagaskóli skilaði rekstraráætlun fyrir árið 2010 á tilsettum tíma og var hún innan fjárheimilda skólans.
- Gæta þarf að góðri og hagkvæmri nýtingu og stýringu fjármála.

Heimildir

Aðalnámskrá fyrir grunnskóla. 2007.

Drög að sjálfsmatsskýrslu Hagaskóla 2009-2010.

Einsetning grunnskóla Reykjavíkur 1994-2002. 2002. Reykjavík. Fasteignastofa Reykjavíkur og Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

Handbók. Hagaskóla 2010-2011.

Heimasíða Hagaskóla: www.hagaskoli.is

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Námsvísir Hagaskóla 2010-2011.

Skýrsla um samræmd könnunarpróf 2010. Reykjavík. Námsmatsstofnun.

Starfsáætlun Hagaskóla skólaárið 2010-2011.

Stefna og starfsáætlun Menntasviðs Reykjavíkurborgar 2010. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Viðhorf foreldra til grunnskólastarfs í Reykjavík. 2010. Hagaskóli. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Viðhorfskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar 2009. Hagaskóli. Reykjavík: Mannauðsskrifstofa.

Skólapúlsinn. www.skolapulsinn.is

Fylgiskjöl

1. Hagaskóli og skólahverfi
2. Matstæki um einstaklingsmiðað nám
3. Viðmið um mat á gæðum kennslustundar
4. Vettvangsathuganir - trúnaðarskjal
5. Gátlisti um skólanámskrá
6. Gátlisti um starfsáætlun
7. Gátlisti um heimasíðu
8. Gátlisti um skólareglur